



**SKOÐUN** Eldri kynslóðin hverfur nú smám saman af hinu pólitíska sviði, skrifar Guðmundur Andri. **13**




**MENNING** Sónar-hátíðin var haldin í fyrsta sinn í Hörpu um helgina. Fjöl-breyttir listamenn stigu þar á svið. **22**



**SPORT** Karlalið Stjörnunnar og kvennalið Keflavíkur urðu um helgina bikarmeistarar í körfubolta. **24**

**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**  
**93%**  
Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
18. febrúar 2013  
41. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI\***

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup, janúar - mars 2012

**FRÉTTIR**



**Katrín til forystu**

Katrín Jakobsdóttir hefur gefið kost á sér í sæti formanns VG en kosið verður um næstu helgi. Enginn hefur boðið sig fram til varaformanns en heimildir herma að flokksmenn séu í óða önn að máta varaformann við Katrínu. **4**

**Purfa meiri tekjur** Sundlaugarnar í Reykjavík þurfa að auka tekjur sínar um 94 milljónir. Hugmyndir eru uppi um að hækka stök gjöld. **2**

**3.000 ný störf** Atvinnuleysi í Reykjavík dróst saman um rúm tvö prósent milli ára 2010 og 2011. **6**

**Græða á óhollustufæði** Stóru fjölþjóðlegu matvælafyrirtækin beita afli sínu til að hafa áhrif á opinberar reglur um matvælaframleiðslu. **8**




Bolungarvík	4°	SA	4
Akureyri	3°	S	4
Egilsstaðir	3°	S	2
Kirkjubæjarkl.	5°	NA	4
Reykjavík	6°	A	4

**Milt í veðri** Víða fremur hægur vindur í dag en bætir í vind sunnan og suðvestan til síðdegis. Rigning um S- og V-vert landið. Hiti 0 til 9 stig, hlýjast við S-ströndina. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Loftræstikerfi | Fasteignir | Fólk



**TEFLA DJARFT** Kínverska skáklandsliðið bar sigurorð af því íslenska á móti sem fram fór í Arion banka í Borgartúni um helgina. Alls tefldu liðin 72 skákir og náði kínverska liðið 47,5 vinningum en það íslenska 24,5. Að mótinu stóðu Skáksambandið og Kínversk-íslenska menningarfélagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Meira flutt út af hrossakjöti en selst hér

Útflutningur á hrossakjöti nær þrefaldaðist milli ára 2011 og 2012. Mikil eftirspurn er eftir kjötinu og kostnaður gerir hrossahald erfitt, segir Hulda Geirsdóttir, framkvæmdastjóri Félags hrossabænda.

**LANDBÚNAÐUR** Gríðarleg aukning varð í framleiðslu á hrossakjöti á Íslandi á síðasta ári og útflutningur á hrossakjöti þrefaldaðist nánast á milli ára. Meira hrossakjöt er flutt úr landi en selt er hérlendis.

Kjötið er aðallega selt til Rússlands, Ítalíu, Sviss og Frakklands þar sem hefið er fyrir hrossakjötsáti, að sögn Huldu Geirsdóttur hjá Félagi hrossabænda. „Mest af kjötinu fer á markað erlendis, nema kannski folaldakjötið,“ segir hún um útflutninginn.

Árið 2012 voru framleidd 1.500 tonn af hrossakjöti samanborið við 878 tonn árið 2011. Breytingin milli ára nemur 71,1 prósent. Sala á hrossakjöti hérlendis jókst jafnframt milli ára 2011 og 2012, um 23,3 prósent, en sala á íslensku hrossakjöti erlendis jókst um heil 180,9 prósent og nam í fyrra 875,6 tonnum miðað við 311,7 árið 2011.

Ástæðuna fyrir þessari miklu aukningu í bæði framleiðslu og sölu segir Hulda vera aukinn

kostnað við að halda reiðhesta og gríðarlega eftirspurn eftir afurðinni. „Til dæmis er mikil ásókn nú í að slátra því það er dýrt að halda hross. Það getur jafnvel verið töluverð bið í að koma hrossi í slátrun en markaðurinn er til staðar.“

Spurð hvort hross séu einhvers staðar ræktað sérstaklega til manndis á Íslandi segir Hulda fáa bændur standa í því. „Það er þó kannski sérstaklega á svæðum þar sem bændur hafa mikið land og stór stóð.“

Meðfram slíkri ræktun er þó oftast reiðhestaræktun enda er hesturinn aðallega álitinn tómstundagaman meðal Íslendinga. Hulda bendir hins vegar á að hrossakjöt sé góð hliðarafurð með reiðhestaræktun og nauðsynleg til þess að halda gæðum í reiðhestarækt. „Ef maður ber þetta saman við aðrar búgreinar þá er ekkert að fá upp úr því að rækta hross fyrir kjötframleiðslu. Menn eru ekki í því til að lifa á því,“ segir hún. - bþh



**→ Íslenskar hestaafurðir gæðavottaðar**

Fréttir hafa borist um að lyf sem hættuleg gætu reynst mönnum hafi fundist í hrossaskrokkum í Bretlandi. Kjötíð af skrokkunum kann að hafa verið unnið og selt í matvæli víðar í Evrópu.

Hulda Geirsdóttir segir íslenska hesta ekki fá mikið af lyfjum. Hérlendis gildi strangar reglur og til sé gagnagrunnur sem geymir lyfjaskráningar hesta. Þeim hestum sem gefin hafa verið tiltekin lyf má ekki slátra. Hulda bendir þó á að útvötnunartími sé á flestum lyfjum sem gefin eru hestum. „Kjötinu þarf að fylgja vottun um að það sé í lagi og sú vottun fæst úr gagnagrunninum.“

## Stjórnámamenn útiloka ekki að sett verði á fót aðstaða fyrir fíkla á Íslandi: Apótekin hugsanleg neyslurými

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðherra og formaður velferðarnefndar Alþingis segja að til greina komi að skoða þörfina á svokölluðu neyslurými fyrir sprautufíkla. Slík rými hafa verið starfrækt í nágrannalöndunum og dregið úr smitsjúkdómum, aukið samtal við fíkla og komið í veg fyrir dauðsföll af völdum of stórra skammta.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir apótekin einu staðina sem hafa verið ræddir í samhengi við neyslurými hér á landi. „Það hefur komið til álita að menn gætu leitað til apóteka undir eftirliti og fengið umsjón, ráðgjöf, nálar og jafnvel lyf,“ segir ráðherra. „Það er sjálfsagt og edlilegt að taka svona mál upp á hverjum tíma, hvernig hægt er að sporna við áframhald-

**Hvað er neyslurými?**

Neyslurými (e. drug consumption rooms) eru staðir þar sem sprautufíklar geta notað vímuefni í hreinu og áhættulausu umhverfi undir eftirliti þjálfaðs starfsfólks. Þar fá fíklar hreinan búnað, samtal við ráðgjafa og lágmarks heilbrigðisþjónustu. Erlendis eru herbergin starfrækt í samstarfi við löggæslu og neytendur því ekki handteknir vegna neyslu sinnar.

andi notkun eða smíthættu. En það er of snemmt að segja hvort þetta úrræði verður tekið upp, það er svo margt sem þarf að sinna.“

Velferðarnefnd Alþingis hefur ekki tekið málefni sprautufíkla sérstaklega fyrir, en Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir vert að opna umræðu um málið. Um opnun neysluherbergis segir hún umræðuna of stutt á veg komna til að segja af eða á.

„Að mínu mati er svona þjónusta líkleg til að auka lífsgæði þessa fólks, draga úr skaða í umhverfinu og svo eykur þetta líkurnar á því að fólk hætti þar sem það fær ráðgjöf.“

Unnur Brá Konráðsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í velferðarnefnd, ætlar að opna umræðu um sprautufíkla og neyslurými á nefndarfundi í dag. „Þetta er eitthvað sem við ættum að skoða og fá ráðuneytið í spjall um þetta.“ - sv

**Er svefninn vandamál?**

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösom

**Asphalia** for natural sleep

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

**Veisluþjónusta**

Ráðstefnuþjónusta  
Glæsileg pinnaborð  
Brúðkaup - Fermingar  
Árshátíðir - Afmæli

**Cocktail Y.is**

Veisluþjónusta

Sími: 899-8994

Lionssalurinn Lundur  
cocktail@cocktail.is  
cocktail.is • salur.is

## SPURNING DAGSINS



Snorri, eruð þið að selja kaupstaðalykt?

„Nei, en hún fer kaupstaðnum vel.“ Snorri Jónsson starfar hjá Reykjavík Distillery. Fyrirtækið hefur sett á markað rakspira úr íslenskum sem jurtum sem nefnist Landi en fyrirtækið er þekktara fyrir áfengisframleiðslu.

Lögregla telur skýringar hlauparans Oscars Pistorius á morðinu á kærustu hans ekki standast:

## Blóðug kylfa fannst á heimili Pistorius

**SUÐUR-AFRÍKA** Myndin af morðinu á Reeve Steenkamp, kærustu suðurafrikska Ólympíuhlauparans Oscars Pistorius er að skýrast. Steenkamp var á föstudag skotin á heimili Pistorius sem hefur verið ákærður fyrir morð á henni.

Nágrannar heyrðu óskur úr húsi Pistorius áður en skothvellir glumdu um götuna. Pistorius hefur hins vegar sjálfur sagt lögreglu að hann hafi heyrt hljóð inni á baðherberg, náð í skammbýssu og skotið í gegnum hurð. Hann neitar stað-



OSCAR PISTORIUS

hafi verið lamin með kylfunni en hauskúpa hennar var kramin þegar bráðaliðar mættu á staðinn.

fastlega að hafa myrt Steenkamp af ásettu ráði.

Í gær bárust fregnir af því að lögreglan hefði fundið blóðuga krikketkylfu á heimilinu. Kannar hún nú hvort Steenkamp

þá hefur lögregla gefið í skyn að skýringar Pistorius á verknadnum standist ekki enda hafi Steenkamp verið í náttkjól þegar hún var skotin. Grunar lögreglu að Steenkamp hafi fyrst verið skotin í svefnherbergi þeirra, því næst falið sig inni á baðherbergi og verið skotin þrisvar sinnum þar.

Vitni sem Pistorius hringdi í eftir skotárásina sá Pistorius bera blóðugan líkama hennar niður tröppur á heimili þeirra. Segir vitnið að Pistorius hafi

verið í miklu uppnámi og að þau hafi saman reynt að stöðva blæðinguna úr líkama hennar en án árangurs.

Pistorius, sem er fótalaus, hleypur á gervifótum frá Óssuri og hefur verið áberandi í kynningar efni frá fyrirtækinu. Sigurborg Arnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Óssurar, vill ekkert segja til um hvort samstarfinu við Pistorius verður fram haldið. Fyrirtækið vill sjá hvernig málið þróast áður en það bregst frekar við. - mbl, sv



**UPPSTÖPPUNIN** Knútur lést einungis fjögurra ára gamall í mars 2011 eftir glímu við heilabólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hulunni svipt af uppstoppun ísbjarnarins Knúts:

## Knútur til sýnis á ný

**BERLÍN, AP** Ísbjörninn Knútur sem fangaði hug og hjórtu heimsbyggðarinnar eftir að hann fæddist í dýragerðinum í Berlín árið 2006 hefur verið stoppaður upp. Knútur verður framvegis til sýnis á Náttúru-minjasafninu í Berlín.

Knútur varð heimsfrægur á nokkrum dögum í desember árið 2006 enda þótti hann yfirmáta krúttlegur. Hann var alinn upp af starfsfólki dýragerðsins þar sem móðir hans hafnaði honum af óþekktum ástæðum.

Hulunni var svipt af uppstoppuninni af Knúti á föstudag en hann lést eftir glímu við heilabólgu í mars 2011. - mbl

Vegfarendur vel vakandi:

## Björguðu hjónum úr gilsbotni

**UMFERÐARSLYS** Hjón voru hætt komin þegar bíll þeirra valt 40 metra niður gil og hafnaði í á við Bröttubrekku í gær. Samkvæmt lögreglunni í Borgarnesi komu vegfarendur farþegum bílsins til bjargar. Þeir höfðu samband við neyðarlínuna áður en þeir fóru niður í gilsbotninn og drógu fólk úr úr bílnum.

Hjónin voru með meðvitund og voru flutt með sjúkrabil til Reykjavíkur þar sem þeim var komið undir læknishendur á Landspítalanum í Fossvogi. - fb

Með piparúða og hnífa:

## Fjórir Outlaws-menn teknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í fyrrkvöld bifreið þar sem grunur lék á að bílstjóri væri undir áhrifum fíkniefna.

Fjórir menn voru í bílnum og voru þeir allir í bolum sem merktir voru bifhjólasamtökunum Outlaws.

Í fórum sínum voru mennirnir með piparúða og nokkra hnífa. Auk fíkniefna-aksturs voru mennirnir kærðir fyrir brot á vopnalögum. Þeim var sleppt eftir skýrslutöku. - fb

# Leggja til hækkun á stökum sundmiða

Aðgangseyrir í sundlaugar borgarinnar á að fjármagna 70 prósent rekstrarins, en til þess þarf að auka tekjur um 94 milljónir á ári. Hækka þarf stök gjöld og hætta að gefa eldri borgurum ókeypis í sund, en standa á vörð um stórnotendur og börn.

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðgangseyrir í sundlaugar Reykjavíkurborgar ætti að fjármagna 70 prósent af rekstrarkostnaði lauganna, öðrum en fasteignakostnaði, frá árinu 2015. Til þess að svo geti orðið þarf að auka tekjurnar um 94 milljónir á ári, sem samsvarar 170 þúsund stökum gjöldum fullorðinna í sund.

Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps borgarinnar um framtíðarsýn sundlauganna. Aðgangseyrir og aðrar tekjur sundlauganna eru nú tæplega 60 prósent af kostnaði þegar ekki er tekið tillit til fasteignakostnaðar. Heildartekjur lauganna árið 2011 voru 557,8 milljónir króna.

Hópurinn áréttar í skýrslunni þrjú meginstef í gjaldskrárstefnu. Í fyrsta lagi segir hópurinn mikilvægt að standa vörð um stórnotendur og barnafjölskyldur. Í öðru lagi vill hópurinn að eldri borgarar fái ekki ókeypis í sund eins og nú er heldur fái þeir afslátt af aðgangseyri, og í þriðja lagi vill hópurinn að stök gjöld hækki til að ná fram markmiðinu.

Hópurinn lagði einnig fram fjárfestingaáætlun í skýrslunni, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku. Þar eru lagðar til sjö uppbyggingartillögur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í hópnum sátu hjá við afgreiðslu skýrslunnar í starfshópnum. Þeir gerðu það einnig við afgreiðslu hennar í menningar- og ferðamálaráði ásamt fulltrúum Vinstri grænna. Marta Guðjónsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir Sjálfstæðismenn telja forgangsröðunina í fjárfestingaáætluninni



**SUNDHÖLLIN** Sjálfstæðismönnum þykir furðulegt að hefja eigi framkvæmdir við Sundhöllina á þessu ári en ekki eigi að bæta laugarkeri í Laugardalslaug fyrr en eftir þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

558

milljónir voru tekjur af aðgangseyri árið 2011.

ranga. Hún segir nauðsynlegt að fagræð fái að fjalla um skýrsluna, ýmislegt þarfnist frekari skoðunar þótt margt gott sé í skýrslunni. Þar á meðal séu áform um aukna kostnaðarhlutdeild sundlauga-gesta.

Í bókuninni kemur það einnig fram. „Það vekur til dæmis mikla furðu að hefja eigi framkvæmdir við Sundhöll Reykjavíkur á þessu ári á sama tíma og ekki er gert ráð fyrir nema kennslulaug í Grafar-

94

milljónir þarf til að hlutdeild aðgangseyris verði 70 prósent af rekstrarkostnaði lauganna.

holti og Úlfarsárdal og að ekki eigi að fara í endurbætur á laugarkeri í Laugardalslaug fyrr en árið 2016 en eins og margsinnis hefur verið bent á er nauðsynlegt að fara í úrbætur þar sem fyrst öryggisins vegna,“ segir í bókuninni. „Til viðbótar vilja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna ítreka að lögð verði áhersla á að lengja opnunartíma í stað þess að lagt verði í einstaka kostnaðarsamar framkvæmdir.“ thorunn@frettabladid.is

Starfsmenn barnaheimilis ánægðir með heimsókn íslenskra yfirvalda:

## Ráðherra hitti munaðarlaus börn

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra heimsótti í gær barnaheimili í Kolkata á Indlandi sem hefur átt í miklu og góðu samstarfi við Íslenska ættleiðingu (ÍÆ). Frá heimilinu hafa 160 indversk börn verið ættleidd til Íslands.

Anja Roy og fjölskylda hennar reka barnaheimilið og var tekið vel á móti hinni íslensku sendinefnd í gær. Með í för voru Hörður Svavarsson, formaður ÍÆ, Kristinn Ingvarsson framkvæmdastjóri, Guðmundur Einarsson, sendiherra Íslands á Indlandi, og fleiri fulltrúar frá innanríkisráðuneytinu. Heimsóknin er liður í ferð ráðherra og fylgdarliðs hans um Asíu.

Roy lýsti yfir mikilli ánægju með heimsóknina. Í vikunni verður setin ráðstefna indverskra stjórnvalda um nýjar indverskar ættleiðingareglur. Einnig verður fundað með Ráðuneyti kvenna og barna er annast ættleiðingarmálaflokkinn á Indlandi, samkvæmt upplýsingum frá ÍÆ.

Ráðherra lýsti yfir í stuttu ávarpi á barnaheimilinu að Íslendingarnir væru komnir til Indlands til að votta starfsemi þeirra virðingu lands og þjóðar og fyrir þeirra göfuga starf og farsæl sam-



**LITLIR GLEÐIGJAFAR** Innanríkisráðherra, forsvarsmenn ÍÆ og sendiherra Íslands á Indlandi heimsóttu barnaheimili í gær þaðan sem 160 börn hafa verið ættleidd til Íslands. MYND/ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

skipti í rúman aldarfjórðung við Íslenska ættleiðingu og einnig til að kanna möguleikana á að eiga áfram bein samskipti við barnaheimilið. - sv

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)

# Vor og sumar á leiðinni



Way of Life!



## Nýr og breyttur GRAND VITARA

Fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi

ESP SPÓLVÖRN  
ABS+EBD  
HEMLAKERFI

ESP  
STÖÐUG-  
LEIKAKERFI

MEÐ HÁU  
OG LÁGU  
SÍDRIFI

FULL  
FRAME  
4x4



### Meðal staðalbúnaðar:

Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti  
Bluetooth símkerfi - Usb og aux tengi - Skyggðar rúður  
Cruise control - Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl  
Lykillaut aðgengi og start og margt fleira.

Verð frá kr. 5.790 þús.-



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)

**GENGID**  
15.02.2013

	Bandaríkjadalur	128,83	129,45
	Sterlingspund	199,74	200,72
	Evra	171,67	172,63
	Dönsk króna	23,012	23,146
	Norsk króna	23,211	23,347
	Sænsk króna	20,302	20,42
	Japanskt jen	1,3911	1,3993
	SDR	196,57	197,75

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
233,969

# Páfi kom í gær fram opinberlega í fyrsta sinn frá því að hann tilkynnti að hann ætlaði að hætta: Ganverskur kardináli gæti orðið næsti páfi

**VATÍKANID, AP** Benedikt sextándi páfi var tilfinningaríkur þegar hann ávarpaði tugi þúsunda gesta á Péturstorginu í Róm í gær. Var þetta í fyrsta sinn sem páfi kemur fram opinberlega frá því að hann tilkynnti að hann hygðist láta af embætti.

Þegar Benedikt lætur af embætti verður hann fyrsti páfinn í 598 ár til að hætta. Mun hann þar með tapa öllum titlum og taka á ný upp sitt fyrra nafn, Joseph Ratzinger.



**PETER TURKSON**

Strax og páfi kynnti ákvörðun sína hófust vangaveltur um hver yrði eftirmaður hans. Sá sem þykir líklegastur til að verða næsti páfi er ítalski kardinálinn Gianfranco Ravasi. Þá eru háværar raddir um að Peter Turkson frá Gana verði kjörinn í starfið en

598 ár

Þegar Benedikt lætur af embætti verður hann fyrsti páfinn í 598 ár til að hætta.

hann yrði þar með fyrsti svarti páfinn. Þá þykja hinn kanadíska Marc Ouellet og hinn ítalski Tarcisio Bertone einnig koma til greina.



**VIÐ MUNUM SAKNA ÞÍN** Tugir þúsunda sófnuðust saman á Péturstorginu í gær þegar páfi hélt ávarp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Alfræðirit um jarðhita: Íslendingar verðlaunaðir

**VÍSINDI** Íslenskir vísinda- og tæknimenn eru meðal höfundna átta binda fræðsluverks um endurnýjanlega orku sem hlaut á dögunum hin viðurkenndu PROSE-verðlaun sem veitt eru fyrir stór alfræðirit.

Í fréttatilkynningu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Landsbókasafni og Elsevier-forlaginu í Oxford er heildarverkið á fimmta þúsund síður. Heilt bindi í verkinu, 300 blaðsíður, er helgað jarðhita og var bindið undir ritstjórn Þorsteins I. Sigfússonar, prófessors og forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Verkið er varðveitt á Íslandsdeild Landsbókasafns.

**TÆKNI**

### Nýrrar leikjatölvu beðið

Líklegt þykir að japanska tæknifyrirtækið Sony muni svipta hulunni af PlayStation 4 á miðvikudaginn. Nýju útgáfunnar hefur lengi verið beðið enda PlayStation 3 orðin rúmlega sex ára gömul. Þá er talið að nýja tölvan verði mun öflugri en fyrirrennarinn.

**KÓPAVOGUR**

### Lífeyrir og fasteignagjöld

Fulltrúi Samfylkingar í bæjarráði Kópavogs hefur ítrekað fyrirspurn um laga- legar heimildir Kópavogsbæjar til þess að reikna útgreiddan séreignarsparnað til tekna þegar afsláttur á fasteignagjöld eldri borgara er reiknaður.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Leit formlega hætt

Formlegri leit að Grétari Guðfinnssyni hefur verið hætt. Lögreglan á Siglufirði staðfesti þetta við Vísi í gær. Fyrst var lýst eftir Grétari 6. febrúar síðastliðinn en hann hafði þá sést á Siglufirði. Fjölmennt lið lögreglu og björgunarsveita leitaði Grétars allt þar til í gær að leit var formlega hætt.



**KVENNAFRÍÐAGURINN 2010** Meðan fjöldi karla stóð næstum í stað fjölgaði konum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsmenn eru 321.857:

## Fjölgunin meiri í hópi kvenna

**HAGTÖLUR** Konum fjölgaði meira en körlum í fyrra, um 1,4 prósent á móti 0,03 prósentum karla, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Í byrjun árs voru landsmenn alls 321.857 og hafði fjölgað um 2.282 frá sama tíma árið 2012.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hafði fjölgað um 2.081 á árinu, eða um 1,0 prósent. „Hlutfallslega varð fólksfjölgunin hins vegar mest á Vestfjörðum, þar sem fjölgaði um 1,1 prósent, eða 77 frá síðasta ári,“ segir Hagstofan.

Dæmdur í Hæstarétti:

## Rauf skilorð 22 mánaða dóms

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest tveggja ára og þriggja mánaða fangelsisdóm yfir 46 ára gömlum manni, Gísla Styff, fyrir að brjótast inn í bíl og stela þaðan verkfæri fyrir 600 þúsund krónur, hafa í förum sínum fíkniefni og aka bíl undir áhrifum vímuefna.

Með broti sínu rauf Gísli skilorð 22 mánaða dóms sem hann hlaut árið 2008 fyrir ýmis brot. Sá dómur var því dæmdur upp. Sakaferill Gísla nær allt aftur til ársins 1991.

# Miklar vangaveltur um varaformennsku

Steingrímur J. Sigfússon gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í VG. Fátt getur komið í veg fyrir að varaformaðurinn Katrín Jakobsdóttir taki við formenskunni um næstu helgi. Líklegast að næsti varaformaður verði karlmaður.

**FRÉTTASKÝRING**

Hver verða í forystu VG í kosningunum?

Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun ganga til kosninga með nýja forystu. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, tilkynnti um það á laugardag að hann hygðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs og Katrín Jakobsdóttir, varaformaðurinn, lýsti því yfir í gær að hún sæktist eftir formenskunni.

Fátt getur komið í veg fyrir að Katrín verði formaður flokksins. Hún hefur gegnt varaformennsku síðan árið 2003 og verið nokkuð óumdeildur arftaki Steingríms. Helst hefur Svandís Svavarsdóttir verið nefnd sem mögulegur keppinautur Katrínar en hún sagði í fjölmiðlum í gær að hún hygðist hvorki bjóða sig fram til formanns né varaformanns.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er staddur á Indlandi. Hann segir eðlilegt að menn fái tækifæri til að víðra óskir sínar á næstu dögum varðandi forystu í flokknum. Hvað hann varðar segir hann:

„Frá stofnun flokksins hef ég aldrei fhugað að bjóða mig fram til formennsku, þrátt fyrir ítrekaðar vangaveltur þar að lútandi.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að miklar hræringar séu farnar af stað í þá átt að Björn Valur Gíslason verði varaformaður. Hann er þingmaður flokksins í Norðausturkjördæmi en gaf kost á sér í efsta sæti listans í forvalinu



**HORFT TIL FORMENNSKU** Katrín Jakobsdóttir hefur lýst því yfir að hún gefi kost á sér til formennsku í Vinstri grænum. Enginn hefur gefið kost á sér enn í embætti varaformanns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í Reykjavík. Þar endaði hann í 6. sæti.

Björn Valur vildi ekki segja af eða á um framboð sitt þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Ég hef fengið hvatningu og áskoranir frá fólki sem ég tek mark á varðandi varaformennskuna en vil að öðru leyti ekki tjá mig um það í bili.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að um nokkurt skeið hafi staðið yfir hreyfingar um að koma Birni Val ofar á framboðslistann í Reykjavík. Þeim er ekki lokið en dregist hefur að kynna lista flokksins í kjördæmunum tveimur.

Árni Þór Sigurðsson hefur einnig verið nefndur til sögunnar. Það þykir vinna gegn honum að hann kemur einnig úr Reykjavík, var með Katrínu í borgar-pólitíkinni.

Þá er einnig horft til yngri kandiata og hefur nafn Edwards Huijbens verið nefnt til sögunnar. Hann skipar þriðja sæti framboðslistans í Norðausturkjördæmi. Edward var nýlentur í Leifsstöð þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær og sagðist ekkert hafa velt slíkum hlutum fyrir sér.

kolbeinn@frettabladid.is

**NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS**

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

## Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**Á morgun**  
8-15 m/s S- og V-til, annars hægari.

**Miðvikudagur**  
5-15 m/s, hvassast SV-til.

**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður

**RAUÐAR TÖLUR Í KORTUNUM** fyrir allt landið næstu daga. Vætusamt verður S- og V-lands og strekkings vindur með S- og SV- ströndinni. Heldur rölegra N- og A-til og ætti að sjátt til sólar þar um tíma í dag og á morgun. Híti að 9 stigum syðst.

Alicante 19°	Billund 4°	Gautaborg 3°	London 7°	Orlando 19°	San Francisco 12°
Basel 4°	Frankfurt 5°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 16°	Ósló 2°	Stokkhólmur 0°
Berlín 2°	Friedrichshafen 2°	Las Palmas 21°	New York 1°	París 7°	

# Magnað tilboðsverð á Dell tölvum

Dell tölvubúnaður er öflugur, traustur og áreiðanlegur og nýtur sín sérlega vel í kröfuhörðum verkefnum fyrir atvinnulífið.

Allar vélarnar eru með fimm ára ábyrgð á varahlutum og þriggja ára ábyrgð á verkstæði.



#### Hagkvæm og áreiðanleg

Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Verð áður: 179.090 kr.

**Verð nú: 109.990 kr.**



#### Öflugur vinnuhestur á góðu verði

Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fólki á ferðinni.

Verð áður: 266.090 kr.

**Verð nú: 169.990 kr.**



#### Endingargóð fyrir kröfuharða

Dell Latitude E6430 fartölva er með styrkta umgjörð og hágæða 9 cellu rafhlöðu.

Verð áður: 319.990 kr.

**Verð nú: 204.990 kr.**



#### Afkastamikil og hraðvirk vinnustöð

Dell Optiplex 7010 borðtölva fyrir krefjandi verkefni.

Verð áður: 219.090 kr.

**Verð nú: 134.990 kr.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.advania.is/tilbod](http://www.advania.is/tilbod), í síma 440 9010 eða í tölvupósti á [sala@advania.is](mailto:sala@advania.is)

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | [advania@advania.is](mailto:advania@advania.is) | [www.advania.is](http://www.advania.is)

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. Verð með vsk.



**advania**

Welcome to IT

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað var loftsteinninn sem sprakk yfir Úralfjöllum á föstudag þungur?
2. Hvar í Reykjavík verða brátt reist þrjú stór fjölbylishús með 175 íbúðum?
3. Við hverja tefldi íslenska skáklandsliðið um helgina?

svör  
skáklandsliðið  
1. 10 tonn 2. Við Mánatún 3. Kinverska

Um 8,5% raunávöxtun hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna á árinu 2012, langt umfram ávöxtunarkröfu:

## Gott ár hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**EFNAHAGSMÁL** Raunávöxtun eigna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var 8,5 prósent á árinu 2012. Þetta er langmesta ávöxtun sem orðið hefur á eignum sjóðsins frá bankahruni og umtalsvert meiri en 3,5 prósentu viðmiðunarávöxtunarkrafa lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er í hópi stærstu lífeyrissjóða landsins. Í lok síðasta árs voru eignir hans 402 milljarðar króna og höfðu þá aukist um 56 milljarða á einu ári.


Eins og áður sagði var raunávöxtun eigna sjóðsins 8,5 prósent en nafnávöxtun var 13,4 prósent. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði á árinu vegna þessarar góðu ávöxtunar. Var hún metin -0,4 prósent um áramótin samanborið við -2,3 prósent í lok árs 2011 og -3,4 prósent í lok árs 2010.

Á árinu 2012 greiddi sjóðurinn um átta milljarða í lífeyri til ríflega ellefu þúsund sjóðfélaga. Voru lífeyrisgreiðslur 15

prósentum meiri en árið áður. Á sama tíma námu iðgjöld til sjóðsins næstum 18 milljörðum.

Í lok ársins 2012 voru um 28 prósent af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 29 prósent í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 10 prósent í safni sjóðfélagalána og 9 prósent í bankainnstæðum. Þá var innlend hlutabréfaeign 12 prósent af eignum sjóðsins og önnur skuldabréf 12 prósent af eignum.

### Hrein eign til greiðslu lífeyris



## HEIMURINN



### 37 fórust og 100 særðust í Írak

**1 ÍRAK** Að minnsta kosti 37 fórust og meira en eitt hundrað særðust þegar bílsprengja sprakk í verslunarhverfi í Bagdad í Írak. Þrátt fyrir sprenginguna hefur dregið úr ofbeldi í Írak en það náði hámarki fyrir sex til sjö árum. Uppreisnarsinnar hafa samt iðulega staðið fyrir banvænum árásum á íraskar öryggissveitir og almenna borgara. Þetta var í þriðja sinn í þessum mánuði sem slík árás hefur valdið dauða meira en tuttugu manns á einum degi.



### Köstuðu eggjum og tómötum

**2 BÚLGARÍA** Þúsundir Búlgara mótmæltu hækkanði rafmagns- og hitaveitu-reikningum í höfuðborginni Sofíu í gær. Mótmælendur lentu í átökum við lögreglu og köstuðu einnig eggjum og tómötum í opinberar byggingar. Lögreglan átti í miklum vandræðum með að halda fólkinu frá byggingunum en engin meiðsl urðu á fólki. Svipaðar mótmælalæðgerðir hafa framið fram í öðrum borgum í Búlgaríu og stundum hafa mótmælendur stöðvað umferð um fjölfarna þjóðvegi.

### Byssumenn rændu sjö starfsmönnum

**3 NÍGERÍA** Byssumenn réðust á vinnubúðir verktakafyrirtækis í norðurhluta Nígeríu, drápu öryggisvörð og rændu sjö erlendum starfsmönnum. Þeir eru frá Bretlandi, Grikklandi, Ítalíu, Líbanon og Filippseyjum. Enginn hafði lýst ábyrgðinni á hendur sér í gær en íslamska öfgahreyfingin Boko Haram hefur gert slíkar árásir undanfarið í norðurhluta Nígeríu en enga jafn umfangsmikla og þessa.

## Um 3.000 ný störf í Reykjavík frá 2010

Atvinnuleysi í Reykjavík lækkaði um rúm tvö prósent á milli árána 2010 og 2011. Störfum í höfuðborginni hefur fjölgað um 3.000 frá 2010 til 2012. Flest störfin hafa orðið til á almennum vinnumarkaði. Atvinnuleysið er mest í Breiðholti.

**ATVINNUMÁL** Skráð atvinnuleysi í Reykjavík í desember 2012 var 6 prósent og hafði lækkað um 2,1 prósent frá sama mánuði 2010. Þetta kemur fram í tölum sem Skrifstofa borgarstjóra tók saman, í samvinnu við Hagstofu Íslands, og Vinnuáskráningunni, og kynntar voru í minnisblaði í borgarráði í síðustu viku. Atvinnuleysi í Reykjavík er þó ívið hærra en á landinu öllu þar sem það er 5,7 prósent.

Þar kemur einnig fram að á árabílinu 2010 til 2012 hafa orðið til 3.000 ný störf í höfuðborginni. Flest þeirra hafa orðið til á hinum almenna vinnumarkaði, en í minnisblaðinu kemur fram að gera megi ráð fyrir því að vinnuáskráningunni hafi skilað um 570 manns störfum og þar sé hlutur Reykjavíkurborgar 250 manns.


„Það er auðvitað atvinnulífið í borginni sem hefur skilað mestu af þessum vexti en við höfum lagt okkur fram við að styðja við bakið á því,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Hann segir ferðaþjónustuna hafa komið sterka inn á síðustu árum en einnig skapandi greinar eins og kvikmyndagerð. Jákvaett sé að mikill vöxtur sé í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. „Svo átta sig kannski ekki allir á því en byggingariðnaðurinn er farinn aftur af stað með íbúðabyggingum í Reykjavík og framkvæmdum við hótél- og gistirympi til að fylgja eftir þessari miklu fjölgun ferðamanna.“

Reykjavíkurborg hefur sett fjármuni í vinnumarkaðsátök en Dagur segir að kannski séu mikilvægustu

### Atvinnuleysi í Reykjavík

Skipting eftir póstnúmerum



**REYKJAVÍK** Þótt atvinnuleysi hafi lækkað um 2,1 prósent á tveimur árum í Reykjavík er það enn aðeins yfir landsmeðaltalinu, eða 6 prósent á móti 5,7 prósentum.

ákvarðanirnar þær sem kosta ekkert. Þar vísar hann til breytinga á skipulagi varðandi litlar og meðalstórar íbúðir.

Þegar menntunartig er skoðað sést að mest er fækkun atvinnulausra í hópi þeirra sem eingöngu hafa grunnskólapróf, eða ríflega



„Svo átta sig kannski ekki allir á því en byggingariðnaðurinn er farinn aftur af stað...“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs

1.000 manns. Hjá háskólamenntuðum fækkar atvinnulausum um 300. Þegar litið er til atvinnugreina er fækkun atvinnulausra mest í hópi þeirra sem vinna við mannvirkjagerð, rétt um 500 manns, og í verslun fækkar atvinnulausum um 350 manns.

Eins og sést á grafinu hér til hliðar er atvinnuleysi mest í póstnúmeri 111, eða Breiðholti.

kolbeinn@frettabladid.is

**VERTU TIL.** **Reebok FITNESS**

**3.990 KR/MÁN – ENGIN BINDING!**  
**FULLKOMIN ÆFINGAABSTAÐA – FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA**  
**NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT ÞITT PLÁSS – ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR**  
**ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MARGIR FLEIRI**

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS – RFC.IS – M.RFC.IS

Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.



# Fiskidagar

**ALLUR FERSKUR FISKUR**

**1390<sup>KR</sup>/<sub>KG</sub>**

Gildir um allan ferskan fisk, hvort heldur sem pakkaður eða úr fiskborði.  
Fiskborð eru í Kringlunni, Garðabæ, Eiðistorgi og Akureyri.  
Gildir 18. - 22. febrúar.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

# MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM  
Á EINUM TANKI  
M.v. blandaðan akstur



**RENAULT MEGANE II SPORT TOURER**

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km\***

VINSÆLASTI  
SPORTJEPPINN  
Samkv. Umferðarstofu 2012



**NISSAN QASHQAI – 4x4**

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km\***

SKYNSAMLEG  
KAUP  
Hrikalega gott verð



**DACIA DUSTER – 4x4**

Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km\***

SPARNEYTINN  
SUBARU  
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



**SUBARU XV – 4x4**

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km\***

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala  
Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000



Alls sat 91 erlendur ríkisborgari í fangelsi hérlandis í fyrra:

## Metfjöldi útlendinga í fangelsi

**FANGELSISMÁL** Aldrei hafa fleiri erlendir ríkisborgarar setið inni í fangelsum á Íslandi og í fyrra. Á árinu 2012 sat 91 útlendingur af sér dóm, samkvæmt nýjustu tölum frá Fangelsismálastofnun.

Á sama tíma og útlendingum í fangelsum fjölga hér á landi dregst fjöldi erlendra ríkisborgara saman. Árið 2010 voru þeir 21.701, árið 2011 21.143 og í fyrra var talan komin niður í 20.957. Þetta gerir fækkun um 744 einstaklinga á tveimur síðustu árum.

Árið 2011 voru 89 erlendir fangar á landinu, sem var líka fjöldamet, og árið þar áður voru þeir 62.

Hlutfall fanga sem ekki eru búsettir hér á landi hefur þó farið lækkandi síðasta áratug og helst nú í rúnum 60 prósentum. Til samanburðar má geta þess að árið 2000 voru sjö erlendir fangar á landinu, þar af voru sex sem ekki bjuggu hér, eða 85 prósent. Árið 2005 voru 33 af 37 útlendingum í steininum búsettir annars staðar.

- SV



**MEIRIHLUTINN BYR ERLENDIS** Meirihluti erlendra fanga sem eru hér á landi eru ekki búsettir á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Nota sömu aðferðir og tóbaksfyrirtækin

Stóru fjölþjóðlegu matvælaframtækni beita afli sínu óspart til að hafa áhrif á opinberar reglur um matvælaframleiðslu. Breska læknatímaritið Lancet sakar þau um að grafa undan heilbrigðismarkmiðum til að geta grætt á óhollustufæði sínu.

**BRETLAND** Fjölþjóðleg stórfyrirtæki í matvöru- og drykkjarframleiðslu grafa kerfisbundið undan markmiðum stjórnvalda í heilbrigðismálum. Þau beita til þess sömu aðferðum og tóbaksíðnaðurinn gerði áratugum saman.

Þetta fullyrðir hópur vísindamanna í breska læknatímaritinu The Lancet.

Með því að framleiða og selja óhollustufæði í stórum stíl eiga þessi stórfyrirtæki stóran þátt í því hve algengir ósmittæmir sjúkdómar á borð við krabbamein, sykursýki og hjartasjúkdóma eru.

Vísindamennirnir hvetja stjórnvöld til að taka höndum saman gegn þessum fyrirtækjum og herða mjög allar reglur um matvælaframleiðslu til að tryggja betra heilsufar.

„Óhollustuiðnaðurinn á ekki að hafa neitt hlutverk við að móta stefnu stjórnvalda einstakra ríkja eða alþjóðasamfélagsins gagnvart ósmittæmum sjúkdómum,“ er ein helsta niðurstaða þeirra.

Í grein þeirra í The Lancet segja þeir að greina megi fjórar meginleiðir sem fjölþjóðleg matvælaframtæki fara til þess að grafa undan heilbrigðisstefnu stjórnvalda.

Fyrsta leiðin er sú að hafa áhrif á niðurstöður rannsókna. Greining á þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið á hollustu matvæla, leiddi í ljós að þær rannsóknir, sem styrktar voru alfarið af matvæla- og drykkjarvöruframleiðendum, voru fjórum til átta sinnum líklegri en aðrar rannsóknir til að gefa af sér niðurstöður sem voru styrktar fyrirtækjunum í hag.

Önnur leið er sú að fá stjórnvöld og vísindamenn í lið með sér og taka beinan þátt í að móta þær reglur sem settar eru um matvælaframleiðslu.

Þriðja leiðin er sú að þrýsta á stjórnmalamenn og embættismenn, til dæmis með því að styrkja kosningasjóði þeirra sem



**SYKUR** Óhollustuiðnaðurinn vill ekki láta segja sér fyrir verkum.

NORDICPHOTOS/AFP

### Ósmittæmir sjúkdómar

Ósmittæmir sjúkdómar eru til dæmis hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, sykursýki, andleg veikindi, langvinnir öndunarfærasjúkdómar og ýmsar raskanir á beina- og vöðvakerfi líkamans.

Um 77 prósent af sjúkdómabyrði Evrópuríkja stafa af sjúkdómum af þessu tagi og til þeirra má rekja 86 prósent allra dauðsfalla í Evrópuríkjum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fullyrðir að með viðeigandi ráðstöfunum væri hægt að koma í veg fyrir megnið af þessum sjúkdómum.

eru andvígir miklu opinberu eftirliti. Dæmi er nefnt af því að bandarískir sykurframleiðendur hótuðu Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni með því að þeir myndu þrýsta á Bandaríkjustjórn til að fá hana til að hætta að leggja fé til stofnunarinnar vegna þess að hún hafði lagt áherslu á að tengsl væru milli sykurneyslu og ósmittæmra sjúkdóma.

Fjórða leiðin er svo sú að hvetja kjósendur til að andmæla opinberum reglum um matvælaframleiðslu en hvetja þess í stað til almennrar fræðslu og upplýsingagjafar, sem hefur ekki reynst jafn áhrifarík.

Allar þessar aðferðir eru nauðalíkar þeim sem tóbaksíðnaðurinn beitti með góðum árangri áratugum saman. gudsteinn@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun vill að Tryggingastofnun fái rýmri heimildir til eftirlits:

## Bótasvik allt að 3,4 milljarðar

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun áætlað að bótasvik í almannatryggingakerfinu geti numið allt að 3,4 milljörðum króna á ári. Því telur embættið að efla þurfi eftirlit, meðal annars að rýmka lagaheimildir Tryggingastofnunar til að afla og vinna með persónuupplýsingar. Eins að rýmka þurfi heimildir stofnunarinnar til að beita viðurlögum við bótasvikum því mikilvægt sé að viðurlög séu þannig að þau fæli fólk frá því að reyna að svíkja út bætur. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Trygginga-

### 3-5%

Séu bótasvik 3 til 5% af bótagreiðslum hérlandis námu þau 2 til 3,4 milljörðum árið 2011.

stofnunar með bótagreiðslum í almannatryggingakerfinu.

Fram kemur að á árunum 2011-2012 stöðvaði stofnunin óréttmætar greiðslur sem námu samtals tæplega 100 milljónum króna á ársgrundvelli. Ekki liggur fyrir mat

á ætluðu umfangi bótasvika hér á landi en í Danmörku er áætlað að þau nemi á bilinu 3-5% af heildarfjárhæð bótagreiðslna. Sé miðað við þetta hlutfall má ætla að bótasvik hér nemi í heild tveimur til 3,4 milljörðum króna á ári.

Talið er að hætta á svikum eða mistökum við bótagreiðslur sé einkum tengd upplýsingagjöf fólks um búsetu, hjúskaparstöðu og tekjur. Þannig eru dæmi um að foreldrar sem eru í sambúð skrái sig sem einstæða til að fá hærri greiðslur en þeir eiga rétt á, segir í tilkynningu.

- shá





# Viðskiptavinir Íslandsbanka eru þeir ánægðustu á fyrirtækjamarkaði

Þegar forsvarsmenn fyrirtækja eru spurðir eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hjá Íslandsbanka

Í árlegri fyrirtækjakönnun Capacent er meðal annars spurt um ánægju með þjónustu aðalviðskiptabanka. Síðustu þrjú ár hefur Íslandsbanki fengið bestu einkunnina úr svörum stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins.

Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir ánægjulegt samstarf undanfarin ár og hlökkum til að halda áfram að veita þeim góða þjónustu í framtíðinni.

Hjörtur Þór Steindórsson hefur margra ára reynslu á sviði orkumála, bæði innanlands og erlendis.

Hjörtur er viðskiptastjóri Orkuteymis Íslandsbanka.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

# FRÁBÆRT ÚRVAL

## Gerðu frábær kaup!

### Allt að 80% lánamöguleikar

#### Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppi  
notaðan! Erum í  
sammingsstuði!

SUZUKI GRAND VITARA PREM.  
Nýskr. 06/11, ekinn 41 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Rnr.151520

**VERÐ kr.  
4.490 þús.**



LAND ROVER DISCOVERY 4S  
Nýskr. 05/11, ekinn 52 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 9.890 þús.**  
Rnr.1151731.



CHEVROLET CAPTIVA 7manna  
Nýskr. 09/11, ekinn 25 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 6.190 þús.**  
Rnr.151751.



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL  
Nýskr. 07/11, ekinn 11 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 4.490 þús.**  
Rnr.-190612.



HONDA CRV EXECUTIVE  
Nýskr. 09/07, ekinn 110 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 3.290 þús.**  
Rnr.-280464.



BMW 120d  
Nýskr. 04/08, ekinn 90 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.570 þús.**  
Rnr.190658.



HYUNDAI I30 STYLE  
Nýskr. 09/08, ekinn 52 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 2.550 þús.**  
Rnr.201099.

Gerðu frábær kaup  
hjá Bílalandi BL

# bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

## Edduverðlaunahátíðin var haldin í 14. sinn í Eldborgarsalnum í Hörpu: Djúpið kvikmynd ársins 2012

**MENNING** Djúpið var kosin kvikmynd ársins á Edduverðlaunahátíðinni sem fór fram með pomp og prakt í Eldborgarsal Hörpu á laugardagskvöld. Djúpið hlaut ellefu Eddur á hátíðinni, meðal annars fyrir kvikmynda-töku, klippingu og leikstjórn. Spennumyndin Svartur á leik hlaut þrenn verðlaun, fyrir handrit ársins og leikara og leikkonu í aukahlutverki, sem féllu í skaut Maríu Birtu Bjarnadóttur og Damon Younger. Ólafur Darri Ólafsson í Djúpinu og Sara Dögg Ásgeirsdóttir í sjónvarpsþáttunum Pressu voru valin leikari og leikona ársins í aðalhlutverki.

Pressa 3 var valin leikið sjónvarpsfni ársins og titillinn sjónvarpsmaður ársins, sem áhorfendur völdu í símakosningu á meðan á útsendingu Eddunnar stóð, kom í hlut Björns Braga Arnarssonar í Týndu kynslóðinni. Kastljós var valinn besti fréttar- eða viðtalsþátturinn og Hrafnhildur, heimildarmynd um kynleiðréttingu, var



**SIGURVEGARI** Damon Younger var valinn besti leikarinn í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Svartur á leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

valin besta heimildarmyndin. Steindi jr. og Saga Garðarsdóttir vöktu líklega mesta athygli á þessari fjórtándu uppskeruhá-

tíð Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, með nánnum atlotum sínum á sviðinu í Eldborgarsalnum.

-fb

# Skólaping epli.is

## Norðlingaskóla

### Miðvikudaginn 20. feb

Dagskrá:

- Kl. 13:30** - Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson setur ráðstefnuna
- Kl. 14:00** - Abdul Chohan frá ESSA Academy
- Kl. 15:00** - iPad vinnustofur



Nánari dagskrá á:  
[epli.is/skolar](http://epli.is/skolar)

epli.is

# suZushii 3.ára

afmælistilboð



## AFMÆLISTILBOÐ

ÓKEYPIS KRISTALL+ FYLGIR FRÍTT MEÐ\*

### 10 BITA BAKKI

### KR.1190

\*MEÐAN BYRGÐIR ENDAST

tilboðið gildir dagana 18, 19, og 20 febrúar.

suZushii



suZushii

Kringlan 4-12 | Stjörnutorg  
Sími 553 2222 | [www.suzushii.is](http://www.suzushii.is)



stjörnutorgi - kringlunni

Best sushi in Iceland 2012 - GRAPEVINE, 2012

Best sushi in Iceland 2011 - GRAPEVINE, 2011

Hæsta einkun í Gestgjafanum 9/10 - GESTGJAFINN 2010

Stærsta heilbrigðisvandamál hins vestræna heims:

## Salt, sykur og fleira gott

**T**alið er að rekja megi 86 prósent dauðsfalla í Evrópu til svokallaðra ósmítnæmra sjúkdóma. Þetta eru sjúkdómar eins og hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, sykursýki og margir aðrir sjúkdómar.

Þessa sjúkdóma má að meira eða minna leyti rekja til lífshátta fólks. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fullyrðir að koma mætti í veg fyrir þorra þessara sjúkdóma með viðeigandi ráðstöfunum, þ.e. með heilnæmari lífsháttum og þá ekki síst mataræðis.

Steinnun Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Matargerð hefur undanfarin ár og áratugi færst meira og meira út af heimilum. Í stað þess að keypt séu (eða safnað eða ræktuð) hráefni sem fullljóst er hver eru og úr þeim eldaður matur heima í eldhúsi er tekin við tilvera þar sem maturinn sem neytandinn ber heim í eldhúsi er oft fülleldaður og iðulega er allsendis óljóst hvaða hráefni hafa komið við sögu.

Auk þess að stytta tímenn sem fer í matarundirbúning er þessi matur ódýr enda farnar ódýrar leiðir í hráefnisvali. Hins vegar er yfirleitt hvorki farið sparlega með salt né sykur, efnin sem líklega eru mestu heilsufarsskaðvaldar samtímans.

Í frétt blaðsins í dag er sagt frá því að breska læknaframtíð Lancet sakar stór fjölbjöldleg matvælaframtækni um að grafa undan heilbrigðismarkmiðum til þess að geta grætt á þeim bráðóholla mat sem þau framleiða. Þetta gera fyrirtækin með því meðal annars að beita áhrifum sínum til að hafa áhrif á opinberar reglur um matvælaframleiðslu. Aðferðum matvælaframtækjanna er í Lancet líkt við aðferðir sem beitt var í tóbaksöndunum áratugum saman.

Höfundar greinarinnar í Lancet benda á að matvælaframtækni eigi með söluvöru sinni ríkan þátt í því hversu algengir hinir svokölluðu ósmítnæmu sjúkdómar eru. Vísindamennirnir hvetja stjórnvöld til að herða reglur um matvælaframleiðslu til að stuðla að betra heilsufari fólks.

Læknarnir bresku telja að fræðsla og forvarnir hafi ekki sömu áhrif og lög og reglur sem hafa það markmið að auka hollustu matar. Um það skal ekki fullyrt en víst er að þekking á skaðlegum áhrifum þessara efna skaðar nú varla. Sömuleiðis verður að leggja áherslu á að hvetja neytendur til meðvitundar um það úr hvaða hráefnum sá matur sem þeir neyta er.

Um helgina bærust þær fréttir að allt að þriðjungur Breta hygðist hætta að neyta tilbúins matar eftir hrossakjötshneykslið sem hefur verið fyrirferðarmikið í evrópskum fjölmiðlum undanfarna daga. Tímenn mun leiða í ljós hverjar efnirnar verða en verði hrossakjötshneykslið til þess að auka kröfur neytenda um að vita hvað þeir setja inn fyrir varir sínar þá hefur það leitt til einhvers góðs.

Víst er að neyslunur, og þar með óhollur matur, eru að miklu leyti rót heilbrigðisvanda hins vestræna heims. Hvert ár færir heim meiri þekkingu á þessu. Þá þekkingu verður að nýta til úrbóta á öllum sviðum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Steingrímur lætur af formennsku**  
Pau pólitísku stórtíðindi voru gerð opinber á laugardag að Steingrímur J. Sigfússon hygðist láta af embætti formanns Vinstri grænna. Steingrímur hefur gegnt embættinu frá stofnun flokksins árið 1999 og hefur verið ótvíræður talsmaður hans út á við frá upphafi. Steingrímur ætlar þó að halda áfram í stjórn málum og mun leiða lista Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi í Alþingiskosningunum í vor.

**Heldur þó áfram í stjórn málum**  
Sú ákvörðun Steingríms að halda áfram í stjórn málum þrátt fyrir að hætta

sem formaður vakti athygli sumra enda flestir flokksformenn síðustu ára horfið af stjórn málasviðinu samhlíða því að láta af formennsku. Hitt hefur þó reyndar verið glettilega algengt í íslenski stjórn málasögu. Á vinstri vængnum sátu þeir Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson lengi á þingi eftir að hafa látið af formannsembætti Alþýðubandalagsins.

Það sama má segja um Emil Jónsson, Gylfa P. Gíslason og Kjartan Jóhannsson, sem allir voru formenn Alþýðuflokksins.



**Algengt í stjórn málu**  
Það er heldur ekkert fararsnið á Össuri Skarphéðinsyni úr stjórn málu þrátt fyrir að hafa verið felldur sem formaður Samfylkingarinnar árið 2005. Af formönnum Framsóknarflokksins héldu Ólafur Jóhannesson, Eysteinn Jónsson, Hermann Jónsson, Jónas frá Hriflu, Tryggvi Þórhallsson, Þorleifur Jónsson og Sveinn Ólafsson allir áfram á þingi eftir að hafa hætt sem formenn auk Ásgeirs Ásgeirssonar, sem reyndar yfirgaf flokkinn. Þá eru enn ónefndir Þorsteinn Pálsson, Jóhann Hafstein og Ólafur Thors, formenn Sjálfstæðisflokksins, sem allir sátu á þingi eftir formannsférl.

magnus@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK**

**HÁMARK**  
HOLLUR FÉLAGI

## Verðtryggingin ólögleg?

### FJÁRMÁL



Gunnar Bragi Sveinsson alþingismaður

„Framsóknarflokkurinn vill að stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán verði leiðrétt. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram ítarlegar tillögur til lausnar skuldavanda heimila. Afstaða Framsóknarflokksins er eindregið sú að ekkert geti réttlætt að lánþegar verðtryggð húsnæðislána sitji einir uppi með afleiðingar þess að lánin stökkbreyttust af völdum efnahagshruns.“

Þetta var meðal þess sem var samþykkt á flokksþingi framsóknarmanna sem fram fór helgina 8.–9. febrúar.

Skilaboð fulltrúa á þinginu til þjóðarinnar eru ótvírætt þau að leita eigi áfram leiða til að leiðrétta verðtryggð húsnæðislán sem stökkbreyttust í efnahagshruninu.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa frá árinu 2009 lagt fram tillögur um leiðréttingar á lánum heimila og aðgerðir til afnáms verðtryggingar á neytendalánnum. Því miður hafa tillögurnar ekki náð fram að ganga og því búum við enn við óbreytt ástand. Verðtrygging húsnæðislána hefur lengi sætt mikilli gagnrýni. Eðlilega finnst mörgum undarlegt að þegar kaffi hækkar eða ríkisvaldið eykur álögur á bensín hækki húsnæðislánin þeirra. Margóft hefur verið bent á að verðtrygging sé ekki lögmál.

### Brot gegn neytendalögum

En hvað gerist ef verðtrygging húsnæðislána verður dæmd ólögleg? Elvira Mendez

→ Skilaboð fulltrúa á þinginu til þjóðarinnar eru ótvírætt þau að leita eigi áfram leiða til að leiðrétta verðtryggð húsnæðislán...

Pinedo, dósent í Evrópurétti við Háskóla Íslands, hefur fært fyrir því sannfærandi rök að verðtrygging brjóti gegn neytendalögum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verði lánþakandi að geta séð hvernig höfuðstóll lánsins muni þróast út lánstímann og í öðru lagi megi ekki breyta lánsupphæð eftir á. Þá hefur Verkalýðsfélag Akraness höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um það hvort verðtrygging standist lög um verðbrefavíðskipti og tilskipun Evrópuréttar.

Hafi Elvíra rétt fyrir sér og/eða ef Héraðsdómur dæmir Verkalýðsfélaginu í hag mun það að sjálfsgöðu undirstrika réttlæti og mikilvægi þess að lán verði leiðrétt.

Hvað sem því líður munu þingmenn Framsóknar halda áfram baráttunni fyrir leiðréttingu og afnámi verðtryggingar á nýjum neytendalánnum þar sem fátt er jafn mikilvægt og að gera íslenskum fjölskyldum kleift að komast úr fjötrum skulda eins fljótt og frekast er unnt. Það að gera ekki neitt fyrir skuldettar fjölskyldur getur varla verið valkostur því heimilin eru undirstaða alls efnahagslífsins.

# Ný kynslóð

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Þegar Katrín Jakobsdóttir tekur við af Steingrími J. verður ný kynslóð komin til valda í flokkunum fjórum sem hafa verið hryggjarstykkið í íslensku stjórnmálakerfi frá því að kommúnistaflokkurinn var stofnaður árið 1930. Eldri kynslóðin hverfur nú smám saman af sviðinu – smám saman, og þarf aðeins að ýta á suma.

## Ísbjargarflokkarnir

Ekki verður þess þó vart að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson búi við mikla fjarstýringu frá fyrrverandi leiðtogum Framsóknarflokksins en þeir hafa sig að vísu ekki mikið í frammi, hvað sem því veldur. Flokkurinn hefur hins vegar náð vopnum sínum í kjölfar Icesave-dómsins og er nú tekinn að lofa upp í allar ínanlegar ermar: við sem munum hundrað prósent húsnæðislanin þeirra sem settu landið á hausinn hlökkum þó máttulega til þess þegar flokkurinn fer að láta hendur standa fram úr sínum loforða-ermum.

Í sjálfstæðisflokknum er Davíð enn býsna ráðríkur og berst um á hæl og hnakka í sínum daglega leiðara að skrifa kaflann um sig í Íslandssögunni. Það gengur nokkuð vel, miðað við að hann stóð öðrum fremur fyrir óðakapítalísmanum sem færði okkur óðu kapítalístana. Icesave virðist ætla að verða honum og hans flokki sannkölluð ísbjörg, sem vissulega er kaldhæðnislegt í ljósi þess að það var nú einu sinni Flokksbankinn sem hóf þá útgerð og gjörvallur Heimdallur var um hríð starfandi í markaðsdeildinni þar. Hér er annars kominn vandi Bjarna Benediktssonar: minnst er á Sjálfstæðisflokkinn og maður er óðara farinn að tala um Davíð... Hitt sem Bjarni má burðast með er að hafa rekið bensínsölu með

stórfenglegu tapi í mesta bílæri sögunnar hjá þessari bílóðu þjóð, þegar enginn þótti maður með mönnum nema hafa heilt bílastóð í hlaðinu hjá sér og fólk var orðið svo sporlatt að reist var í svo nefndu Korputorgi eina mall Evrópu þar sem ekið er milli búða.

## Og vinstri flokkarnir

Í Samfylkingu er svolítið óljóst og jafnvel einkennilegt ástand, valdamillibil, því að Árni Páll Árnason var kjörinn formaður í óþökk Jóhönnu Sigurðardóttur, og raunar allra þeirra sem sitja í valdastöðum flokksins, en er ekki í ríkisstjórninni, var raunar sparkað út úr henni. Enn er óljóst hvort Árni Páll muni framfylgja hinni þrákelknislegu afstöðu í Stjórnarskrármálinu, þar sem alls konar fólk virðist hafa bitið í sig að gjörvallt uppbyggingarstarf undanfarinna fjögurra ára hafi verið unnið fyrir gýg nema Íslandi verði breytt í nokkurs konar Sviss. Hver stjórnar? Jóhanna? Árni Páll? Eða er það bara Ólafur Ragnar sem ræður hér öllu eins og útlendingum skilst?

Hvað sem öðru líður nýtur Árni Páll þess að hann byrjar með hreint borð og gefur fólki tilfinningu um að það sé að kjósa – eða kjósa ekki – annan flokk en þann sem nú er í ríkisstjórn.

Það gerir Katrín líka. Einhver kynni að segja að hlutskipti hennar verði ekki ófundsvært; að þurfa að vera í forsvari fyrir flokk sem er sjálfum sér sundurþykkur og hefur verið sjálfum sér erfiður á þessu merkilega kjörtímabili. Hversu oft hefur maður ekki dáðst að þrautseigju Steingríms J. og krafti. Hann hefur tekið á sig ómældar byrðar og stundum verið engu líkara en að gjörvallt „Íslandsálagið“ hvíldi á herðum hans. Suma hefur hann hrifið, öðrum er verulega í nöp við hann og kenna honum og Jóhönnu um allt sem miður hefur farið á Íslandi frá því að land byggðist.

Einhvern veginn virðist manni að auðveldara sé að arga á Steingrím J. en Katrínu; hennar stíll er einfaldlega þannig og hún kemur manni fyrir sjónir sem

„Einhvern veginn virðist manni að auðveldara sé að arga á Steingrím J. en Katrínu; hennar stíll er einfaldlega þannig og hún kemur manni fyrir sjónir sem mannasættir.“

mannasættir. Hún kemur úr skynsemisarmi VG eins og Steingrímur og hefur staðið þétt að baki honum í allri þessari orrahríð en samt virðist enginn kenna henni um ólán þjóðarinnar. Það er dýrmætur eiginleiki að geta laðað fólk til fylgis við sig og vonandi tekst flokksystkinum hennar að stilla sig um að næra Sundurlyndisfjandann á Morgunblaðinu.

## Vinstri og hægri

Hins vegar er það nú einu sinni þannig að vinstri sinnað fólk er þrasgjarn, kannski vegna þess að það leitar réttlætisins af ástríðu; það getur verið flókið mál að finna hvernig jafnrétti verður við komið og að sjá til þess að öllum gefist sömu tækifæri í lífinu; leið misskiptingarinnar er einhvern veginn auðveldari og augljósari. Hægri sinnað fólk vill að einstaklingar njóti sín og fái sem mest athafna- og olnbogarymi. Vinstri sinnað fólk vill skipuleggja samfélagið, gera hlutina rétt, það virðist stundum í stöðugri baráttu en hreiðrar ekki um sig í makindum. Hægri sinnað fólk sameinast um þá lauslegu hugmynd að hver sé sinnar gæfu smíður og hlutverk ríkisins sé að skapa aðstæður til auðsöfnunar en vinstri sinnað fólk lítur svo á að ógæfa sé samfélagslegt úrlausnarefni og það þurfi að grafast fyrir um rót ógæfunnar...

Þess vegna eru nú komnir fram ótal litlir vinstri flokkar með ákaflega frambærilegum frambjóðendum á borð við Birgittu, Þorvald Gylfa, Guðmund Steingríms og fleiri og fleiri en hægri menn ætla að sameinast um þann sem lofar að skaffa.

# KRONAN

## Fljótleg og gómsæt píta

Fljótt og gott fyrir 4 Matur undir 2000 kr.!

25% afsláttur  
598 kr. pk.

Verð áður 798 kr. pk.  
Móa kjúklingaborgarar

219 kr. pk.

Jacob's pítubrauð, fín og gróf, 6 stk.

323 kr. pk.  
Náttúru jöklasalat, 200 g

364 kr. stk.  
EF pítusósa, 420 ml

6 í pk.  
279 kr. stk.  
Coca-Cola, 2 l

THULE SWEDEN

# Skíðabogar



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## KAFFISKOT Í NESPRESSOVÉLAR



**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

# Á að breyta breytingarákvæði?

## NÝ STJÓRNARSKRÁ



**Ágúst Þór Árnason**  
formaður laga-  
deildar Háskólans á  
Akureyri



**Skúli Magnússon**  
dósent við lagadeild  
Háskóla Íslands

Allt frá fyrstu stjórnarskrá Íslendinga árið 1874 hefur þurft atbeina tveggja þinga til breytinga á stjórnarskránni. Samkvæmt reglunni, sem nú er að finna í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og á sér rætur í dönsku stjórnarskránni frá 1849, ber að rjúfa þing þegar eftir samþykkt breytingar og boða til almennra kosninga. Samþykki Alþingi breytingu óbreytta er hún gild stjórnskipunarlag við staðfestingu forseta.

Það fyrirkomulag að unnt sé að breyta stjórnlagum án beins samþykkis kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið gagnrýnt á síðustu áratugum. Má hér benda á að samkvæmt þeirri breytingu sem gerð var á dönsku stjórnlagum árið 1953 þarf ekki aðeins samþykki tveggja þinga heldur einnig samþykki meirihluta kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem a.m.k. 40% kjósenda hafa greitt atkvæði. Viða annars staðar er

stjórnarskrá hins vegar breytt með samþykki tveggja þinga og auknum meirihluta þings (eða þingdeilda), t.d. með 2/3 þingmanna í Noregi. Þá hefur færst í vöxt að breytingar á stjórnarskrá séu lagðar í dóm kjósenda, annaðhvort með bindandi atkvæðagreiðslu eða ráðgefandi atkvæðagreiðslu sem í raun er þó fylgt (sbr. t.d. setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar 1944).

Það sjónarmið heyrir nú, þ.á m. í nýbirtum drögum að álitni Fenejjanefndarinnar svokölluðu, að æskilegt kunni að vera að breyta „tveggja þinga reglu“ íslensku stjórnarskrárinnar. Að baki þessu sjónarmiði býr sú hugsun að breyting í þessa átt kunni að leysa þann hnút sem endurskoðun stjórnarskrárinnar virðist vera komin í með því að auðvelda breytingar á stjórnarskrá.

## Verulegar efasemdir

Við höfum verulegar efasemdir um að þessi leið sé skynsamleg. Að okkar dómi á ekki einungis að gera kröfu um breiða samstöðu, meðal þings og þjóðar, til breytingar á grunnlagum samfélagsins. Breyting á stjórnarskrá á einnig að taka hæfilega langan tíma; svo langan að stjórnarskráin standi af sér umrót og tímabundna geðshræringu, ekki síst þeirri sem búast má við í samfélaginu þegar stórfelld áföll og ófarir ríða yfir. Hér er óhjákvæmilegt að líta til þess að sökum fámennis kann okkur Íslendingum að vera hættara við því að hrapa að breyt-

## → Stjórnarskrárbreytingar eru ekki óhæfilega erfiðar á Íslandi samkvæmt núgildandi reglum.

ingum en stærri samfélögum þar sem samfélagsmæðan þarf eðli málsins samkvæmt lengri tíma. Við drögum ekki dul á það álit okkar að reynslan af því endurskoðunarferli sem hafið var árið 2010 er hér víti til varnaðar og hefur raunar orðið til þess að við höfum endurmetið hugmyndir okkar um þetta efni.

Stjórnarskrárbreytingar eru ekki óhæfilega erfiðar á Íslandi samkvæmt núgildandi reglum. Þær eru þó það erfiðar að ekki er unnt að breyta stjórnarskránni í einu vettfangi. Það fyrirkomulag hefur sannað gildi sitt við þær kringumstæður sem hafa verið uppi allra síðustu ár. Lýðræðislega slagsíðu á breytingarferlinu mætti t.d. rétta af með breytingu í anda dönsku stjórnarskrárinnar. Það er þó álitamál, sem ekki er unnt að ræða nánar hér, hvort þjóðaratkvæðagreiðsla eigi undantekningarlaust að vera skilyrði stjórnarskrárbreytinga, t.d. þegar um er að ræða ákvæði tæknilegs eðlis sem um ríkir langvarandi breið samstaða. Hvað sem þessum hugleiðingum líður á að horfa til þess grundvallaratriðis að breytingarákvæði stjórnarskrár er sú kjölfesta stjórnskipunar sem kemur í veg fyrir stjórnskipulegan óstöðugleika og á þar af leiðandi að vera hæfilega erfið.

## Purell® Taktu PURELL® með hvert sem þú ferð!

**PURELL®**  
- froðu handsóttreinsir 45 ml

Kauptu 2 stk og þú færð bellistfestingu í kaupbætti!

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

1982 - Rekstrarvörur - 2012  
30 ára vinna með þér

# Græn orka: Meiri tækifæri hér

Íslendingar framleiða nær tvöfalt meiri raforku á hvern íbúa en Norðmenn og höfum við þó gengið helmingi skemur í nýtingu okkar endurnýjanlegu orkulinda. Því vekur það athygli að Norðmenn telja jafn mikil tækifæri framundan í sölu á endurnýjanlegri orku um sæstreng og á sviði olíu- og gasútflutnings samantlagt.

Á nýliðnum ársfundi norsku Samtaka atvinnulífsins, sem forsætis- og orkumálaráðherrar Noregs tóku m.a. þátt í, ríkti mikil samstaða um áframhaldandi nýtingu orkuauðlinda – olíu, gass og vatnsafls. Fram kom að Norðmenn telja jafn mikil tækifæri framundan í sölu á endurnýjanlegri orku um sæstreng og á sviði olíu- og gasútflutnings. Þar vísast m.a. til þess

## ORKUMÁL



**Guðstaf Adolf Skúlason**  
aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku

að Alþjóðaorkustofnunin (IEA) telur að notkun raforku í heiminum muni aukast um 70% fram til ársins 2035, auk þess sem Evrópusambandið hyggst grípa til umfangsmikilla aðgerða í því skyni að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa. Þar gegna vind- og sólarorka stóru hlutverki. Þeir orkugjafar eru þó háðir miklum sveiflum og eygja Norðmenn ákveðin sóknarfæri í krafti vatnsaflsins til að tryggja meiri stöðugleika í framboði endurnýjanlegrar orku í Evrópu, með sölu á raforku um sæstrengi. Slíkir strengir hafa þegar verið lagðir til Danmerkur og Hollands og eru tveir til viðbótar, til Þýskalands og Bretlands, ráðgerðir innan fárra ára.

Athygli vekur hve mikil tækifæri Norðmenn fjalla um á sviði útflut-

## → Hlutfallslega séð verður því að ætla að tækifærin á sviði endurnýjanlegrar orku sé mun meiri hér en í Noregi.

ings endurnýjanlegrar orku, en þótt þeir framleiði meira heildarmagn af raforku en Íslendingar er framleiðslan hér mun meiri á hvern íbúa talið, eða 54 megavattstundir á móti 30 í Noregi. Þá hafa Norðmenn þegar virkjað um tvo þriðju hluta af sinni orkugetu í vatnsafl en Íslendingar hafa virkjað um þriðjung af áætlaðri orkugetu landsins í vatnsafl og jarðhita. Hlutfallslega séð verður því að ætla að tækifærin á sviði endurnýjanlegrar orku séu mun meiri hér en í Noregi, þar sem þau eru nú talin jafnast á við tækifærin á sviði olíu- og gasútflutnings.

## Landsímareitur – Kvosin breyting á deiliskipulagi - Hagsmunaaðilakynning\*

Miðvikudaginn 20. febrúar kl 17:00-18:30

Kynningin verður haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur

Kynnt verður tillaga að breytingu deiliskipulags fyrir Landsímareit í Kvosinni.

Skipulagssvæðið afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti.

Í framhaldi af kynningarfundinum hefst hagsmunaaðilakynning sem stendur frá og með 20. febrúar til og með 6. mars 2013.

Tillagan mun verða til sýnis í Ráðhúsinu og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, auk þess sem hún verður aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Athugasemdum/ábendingum er veitt móttaka á kynningartímanum þeim verður ekki svarað skriflega heldur verða þær innlegg í áframhaldandi vinnu. Þær skal senda á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)

Fundurinn er opinn öllum og við vonumst til að sjá sem flesta.

\*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg

[www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)



**BT mest seldu vöruhúsataækin 2012**

**Með yfir 50% markaðshlutdeild\***



\* Í sölu á nýjum vöruhúsataækjum skv. Vinnueftirliti ríkisins.

**Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum fyrir viðskiptin**



## MERKISATBURÐIR

- 1229** Friðrik 2. keisari nær völdum í Jerúsalem, Betlehem og Nasaret með tfu ára vopnahléssamningi við soldáninn Al-Kamil.
- 1875** Eldgos hefst í Sveinagjá á Mývatnsöræfum.
- 1878** Stofnaður er Alþýðuskólinn í Flensborg í Hafnarfirði. Þar er fyrsti vísir að kennaramenntun á Íslandi þar til Kennaraskóli Íslands var stofnaður 1908.
- 1885** Snjóflóð fellur á fjórtán íbúðarhús á Seyðisfirði og grandar 24 mönnum.
- 1910** Tuttugu manns farast í snjóflóði í Hnífsdal.
- 1930** Elm Farm Ollie verður fyrsta kýrin sem flýgur í flugvél og er mjólkuð í háloftunum.
- 1934** Sjúkrahús Hvítbandsins í Reykjavík er vígt.
- 1959** Vitaskipið Hermóður ferst undan Reykjanesi með tólf manna áhöfn.
- 1959** Fidel Castro verður forsætisráðherra Kúbu.
- 1974** KISS sendir frá sér samnefnda plötu, sína fyrstu.

## Illska í nýrri útgáfu

Verðlaunabókin er komin út í nýrri kilju.

Einn óvæntasti smellur síðasta árs, skáldsagan Illska eftir Eirík Örn Norðdahl, er komin út í kilju. Raunar var hún gefin út fyrst í stórrí kilju en síðan innbundin þegar sýnt var að hún myndi slá í gegn. Báðar þessar útgáfur eru nú uppseldar en í staðinn kemur út ný kilja í minni útgáfu og ódýrari.



**ILLSKA** Einn óvæntasti smellur síðasta árs er kominn út í nýrri útgáfu.

Illsku var tekið afar vel af gagnrýnendum sem hlóðu hana lofi og stjórnun. Hámarki náðu þessar viðtökur þegar hún hrepti Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir í þessum mánuði. Áður höfðu bóksalar kosið hana bestu skáldsögu ársins.

Illska segir ástarsögu þriggja ungmenna í samtíma okkar, Ómars, Agnesar og Arnórs. En sagan hefst raunar löngu fyrir, sumarið

1941, þegar helmingi bæjarbúa litháiska smábæjarins Jurbarkas var slátrað í skógunum í kring.

PETTA GERÐIST 18. FEBRÚAR 1875

## Eldgos hefst í Sveinagjá

Pennan dag árið 1875 hófst eldgos í Sveinagjá á Mývatnsöræfum en sumir telja það hafa verið undanfara Öskjuggossins sem hófst rúmum mánuði síðar. Það gos sem hófst í Dyngjufjöllum 29. mars 1875 er með mestu náttúruhamförum sem átt hafa sér stað á jörðinni. Upphaf vesturfara Íslendinga er oft rakið til þeirra miklu hamfara, en Öskjuggosunum fylgdi ógurlegt öskufall sem eyddi nær öllum jörðum á Jökuldal og olli tjóni mun víðar. Eldgosið hófst raunar fyrst 3. janúar í Dyngjufjöllum og var það, ásamt því í Sveinagjá í febrúar, með þeim meiri sem sögur fara af, að því er frá greindi í ársannál Ísafoldar sem birtist 4. febrúar 1876. „Dyngjufjallaeldinum vissu menn

óglöggt hvað leið, þangað til annan í páskum, 29. mars, að afskaplegan öskumökk dreif þaðan austur yfir Múlasýslur. Lögðust við það 16 jarðir í eyði á Jökuldal efri, en stórskemmdir urðu á 200 jörðum öðrum. Nokkuð af öskunni barst austur um haf, til Noregs og jafnvel austur í Svíþjóð. Ekki sást eldur í Dyngjufjöllum eptir þetta, en mjög rauk úr þeim allt vorið og sumarið. Á Mývatnsöræfum gerði hverja goshríðina annarri stórkostlegri það sem eptir var vetrar, og leið skammt á milli. Síðan urðu gosin strjálí og bar ekki mikið á þeim fram eptir sumrinu. Þá eflidist eldurinn aptur er leið á sumarið, og kom upp á nýjum stöðvum þar á fjöllum; mun hann ekki hafa verið með öllu lagstur niður um árslokin,“ sagði í Ísafold.



**ELDGOS** Málverk eftir Guðmund frá Miðdal.

## Próaði app fyrir bróðurson í Svíþjóð

Ævintýri er nýtt íslenskt app fyrir iPhone og iPad sem nú er fánlegt ókeypis í appstore iTunes og inniheldur myndskreyttar sögur fyrir börn. Ágúst Rafnsson hannaði appið og hann hefur stóra drauma um þróun þess í framtíðinni.

Ég er menntaður í rafmagns- og tölvuverkfræði og búinn að vinna í tölvugeiranum síðan ég var tvítugur,“ segir Ágúst Rafnsson beðinn að gera grein fyrir sér og því sem leiddi til þess að hann hannaði appið Ævintýri. „Ég er nýfluttur í Dalarna í Svíþjóð þar sem kærastan mín fékk vinnu sem tannlæknir. Mig hefur alltaf dreymt um að vinna sjálfstætt við það sem mig langar að gera og datt í hug að forrita þetta app. Bæði vegna þess að ég held að þetta sé góð hugmynd og eins gæti verið skemmtilegt að vinna með rithöfundum og teiknum í aðeins frjórri samvinnu en í skrifstofuvinnunni sem ég hef oftast verið í.“

Hvernig kviknaði hugmyndin að appinu? „Ég var að leita mér að einhverjum verkefnum til að læra iPhone-forritun og datt þetta barnasöguapp í hug. Bróðir minn býr í Svíþjóð og hann á son sem foreldrar okkar eru ákaflega hrifnir af, eðlilega, en geta ekki sagt eins margar sögur og þau vildu vegna fjarlægðarinnar. Þá datt mér í hug að þróa þetta app svo hann gæti hlustað á íslenskar sögur og þannig varð hugmyndin til.“



**STEFNIR Á HEIMSYFIRRAÐ** Ágúst segir drauminn vera að þýða sögurnar á fleiri tungumál og jafnvel þróa tölvuleik. MYND/EINKASAFN

Hægt er að hala appinu niður ókeypis í iTunes appstore og fylgir ein saga frítt með. Síðan er hægt að kaupa hverja sögu fyrir sig og er verðinu mjög stillt í hof. Nú þegar eru hinar klassísku sögur Beatrix Potter, Pétur kanína og Kósý kanínur, fánlegar og á næstu dögum bætist íslenska þjóðsagan um Búkollu við með myndskreytingum eftir kærustu Ágústs, Helgu Birnu Pétursdóttur. Fyrirtækið er enn sem komið er alfarið innan fjölskyldunnar því það er móðir Ágústs, Þuríður Friðjónsdóttir, sem les sögurnar.

En er meiningin að hafa eingöngu íslenskt efni í appinu eða verður hægt að fá sögur á fleiri tungumálum í framtíðinni? „Stefnan er auðvitað sett á heimisyfirráð,“ segir Ágúst og hlær. „Mig langar til að þýða sögurnar á fleiri tungumál og gefa krökkum úti um allan heim kost á að heyra þessar sögur en það kemur í ljós. Mig langar líka að þróa appið áfram, setja inn texta, hljóð og fleiri fíðusa. Sögurnar sem eru inni núna og þær sem koma inn á næstunni eru í hefðbundnu bókaformi, ein teikning á blaðsíðu sem flettist sjálfkrafa þegar þar er komið í upplestrinum. Svo er meiningin að gera það gagnvirkara þannig að krakkarnir geti tekið meiri þátt í framvindu sögunnar

með því að ýta á þar til gerða hnappa, en eins og er á ég ekki fjármagn í þá vinnu. Sú þróun myndi náttúrulega enda í tölvuleik sem væri voðalega gaman, en ég tek þetta bara skref fyrir skref og sé til hvernig þróunin verður.“

fridrikab@frettabladid.is



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁGÚSTU EIRÍKSDÓTTUR**  
frá Dröngum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 3S á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**F.h. aðstandenda,**  
Ragneiður Magnúsdóttir  
Guðný Margrét Magnúsdóttir  
Ingibjörg Magnúsdóttir  
Jón Gunnar Magnússon



Sverrir Þórðarson  
Pétur R. Siguroddsson  
Einar Pétursson



Elsku mamma mín, tengdamamma og amma,

**KRISTÍN EIDE HANSDÓTTIR**  
Háaleitisbraut 20, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi þann 12. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Elin Agnes Eide Kristinardóttir**  
Hafsteinn Eide Kristjánsson  
Kristján Eide Kristjánsson  
Eysteinn Eide Kristjánsson



Kristján Helgi Práinsson

WWW.KVEDJA.IS

*Útlafarastofa*

**SVAFARS & HERMANNSS**



*Virðing Reynsla & Þjónusta*



*Allan sólarhringinn*

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

## Gleðst þegar álfarnir birtast

Álfheiður Ólafsdóttir opnaði sýningu sína, Línuna, á Mokka kaffi á föstudag en hún sýnir einnig verk undir sama nafni í Listhúsi Ófeigs.

Línun, sýning á verkum Álfheiðar Ólafsdóttur, var opnuð á Mokka kaffi á föstudaginn. Álfheiður segir hana mjög ólíka fyrri sýningum sínum.

„Þegar ég fór að vinna fyrir sýninguna varð línun fyrir valinu sem ein-kenni hennar. Ég hef unnið út frá línun og spunnid áfram eins og vefari spinnur þráð. Þá hafa málverkin þróað áfram, sjálfsprottin og sjálfstæð,“ segir hún.

Álfheiður lauk prófi í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskólunum vorið 1990 en hún er alin upp austur í Fljótshlíð. „Að vera alin upp í sveit er gott veganesti fyrir listamann,“ fullyrðir hún. „Þar sem sterk ítök íslenskrar þjóðtrúar eru ríkjandi. Ég get ekki komist hjá því að álfar og fleiri skemmtilegar verur birtist í málverkunum mínum og mér þykir vænt um þegar þær birtast.“



**LÍNUN** Álfheiður segir verkin á sýningunni ólík fyrri verkum sínum.

Sýningin stendur yfir til 13. mars og er opin daglega frá kl. 9.00 til 18.30. Á sama tíma stendur yfir sýning á fleiri

verkum Álfheiðar í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5, undir sama nafni og stendur hún til 9. mars.

-fsb



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BIRTA Í HÚSIÐ

Þegar daginn er tekið að lengja langar marga til að fá líti í tilveruna. Hægt er að skapa sér litadýrð á margvíslegan hátt, til dæmis með því að kaupa ný handklæði í fallegum litum og lifga upp á baðherbergið.

## FRÆGASTI BLOGGARI SVÍA MÆTIR

**HÖNNUNARMARS** Sænski hönnunarbloggerinn Emma Fexeus mætir á Hönnunarmars. Síðan hennar [www.emmas.blogg.se](http://www.emmas.blogg.se) fær yfir 35.000 heimsóknir á viku og er langmest lesna lífsstíls- og hönnunarbloggeri í Svíþjóð.

Emma Fexeus fór að blogga árið 2005 til að fá útrás fyrir brennandi áhuga sinn á hönnun. EmmasDesignBlogg er því elsta lífsstíls- og hönnunarbloggeri síðan í Svíþjóð og teygir lesendahópurinn sig um allan heim. Um 70 prósent þeirra sem fylgjast með blogginu eru í Evrópu og um 20 prósent í Norður-Ameríku. Í dag fær síðan hennar 35.000 heimsóknir á viku.

Við spurðum hana hvort hún þekkti eitthvað til íslenskrar hönnunar. „Ekki mikið. Ég þekki Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur og Katrínu Ólínu Pétursdóttur þar sem hönnun þeirra selst vel í Svíþjóð. En ég er mjög forvitin og hlakka til að sjá meira af íslenskrari hönnun. Það sem ég hef séð finnst mér hafa augljósari skírskotun til náttúrunnar en skandinavísk hönnun hefur yfirleitt, bæði í efni og formum, og eins er áberandi tenging við söguna og við þjóðsögur hjá íslenskum hönnuðum.“

Emma segist ekki hafa bloggað um íslenska hönnun að ráði áður. Þó hafi hún fjallað um vef tímaritið Home & Delicious og um íslenskar ullargærur. Á Hönnunarmars verður hún með myndavélina á lofti.

„Ég ætla að vera alls staðar með myndavélina, sækja alla skemmtilegustu viðburðina, búðirnar og veitingastaðina og vonandi get ég líka komist eitthvað víðar um borgina. Ég mun jafnóðum setja inn efni á Instagram en eftir að hátíðinni lýkur mun ég taka saman það helsta á Hönnunarmarsinum og jafnvel setja saman leiðarvísi á blogginu um Reykjavík fyrir þá sem ætla að heimsækja borgina og vilja sjá góða hönnun,“ segir Emma.

Hún hefur einu sinni áður komið til Íslands þegar þegar hún hélt upp á þrítugsafmælið sitt með vinum fyrir nokkrum árum í Reykjavík. Hún segist þó ekki muna mikið úr þeirri ferð. „Ég



MYND/EMMA FEZEUS

var nýrðin ólétt og svo þreytt að ég svafl nánast af mér ferðina og missti af öllu fjörinu,“ segir hún hlæjandi. „Við gistum á Apartment K sem var mjög notalegt en það er skemmtilega hannað. Ég fór þó út að borða á Fiskmarkaðinn á afmælisdaginn og það er einn besti veitingastaður sem ég hef heimsótt.“

■ heida@365.is

**GETUR EKKI BEIÐ**  
Emma Fexeus, frægasti hönnunarbloggeri Svía, ætlar að mæta á Hönnunarmars og fjalla um íslenska hönnun. EmmasDesignBlogg fékk Stora Bloggpriset árið 2010 sem veitt eru af Aftonbladet.

**OTTO CHEMIE**  
Þéttiefni - Limefni



Eigum til gott úrval af lím og Þéttiefnum. Einnig eigum við til bakfylliborða og pensluborða.

**JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA**

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**



GÓÐUR SVEFN  
ER HEILSUBÓT

**Fermingar  
tilboð**

**12 mán.**  
vaxtalausr  
greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

**Tilboðsverð kr. 74.900.-**

**VALHÖLL**

Svæðisskipt heilsudýna

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum

Stærð 120x200 cm

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHLUTUM  
MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.



GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# VIÐ STÆKKUM



Í RÍTU Bæjarlind verður lokað mánudag, þriðjudag og miðvikudag vegna stækkunar.

OPNUM aftur FIMMTUDAGINN 21. febrúar

Opið í EDDUFELLI



Eddufelli 2 • S. 557 1730

www.rita.is



Við erum á Facebook

# GÓÐ LEIÐ TIL AÐ EIGNAST LIST

**LISTAVERK** Laufey Jóhannesdóttir hefur leigt og þannig keypt tvær myndir í gegnum Artótek sem starfrækt er í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu. Hún segir þetta afar góða leið fyrir venjulegt fólk að eignast listaverk.

Artóteki er hægt að taka á leigu og kaupa listaverk eftir íslenska listamenn. Mánaðarleiga er frá þúsund upp í tíu þúsund krónur og fer upphæðin eftir kaupverði. Listaverkin má leigja þar til þau eru að fullu greidd eða ljúka greiðslu fyrr.

Laufey Jóhannesdóttir er ein þeirra sem nýtt hafa sér þjónustu Artóteksins. „Ég leigði fyrstu myndina fyrir fjórum árum og eignaðist hana 30 mánuðum síðar. Um leið og ég var búin að borga af henni fékk ég mér næsta verk,“ segir Laufey sem ætlar nú að taka þriðju myndina inn á heimilið. „Myndlist er dýr og fyrir venjulegt fólk sem þarf að eyða öllu í mat og reikninga er ekki gott að reiða fram stórar summur í einu. Þessi leið er því fyrir venjulegt fólk að eignast listaverk,“ segir hún. Henni þykir einnig kostur að þurfa ekki að skuldbinda sig. „Þar sem þetta er kaupleiga get ég skilað myndinni hvenær sem er,“ segir hún og bætir við að hún viti einnig nákvæmlega hvenær hún klári að borga fyrir verkið því hvorki þurfi að borga vexti eða verðtryggingu.

Fyrsta verkið sem Laufey leigði var málverk eftir Huldu Vilhjálmssdóttur. „Hún er vinkona mín og frábær listakona og mig hafði lengi langað í verk eftir hana. Myndin heitir Hof í Öræfum og hún er æðisleg,“



lýsir hún. Næsta mynd sem Laufey fékk inn á heimilið var grafíkmynd eftir Lauru Valentino og nú ætlar Laufey að bæta einu verki í safnið til viðbótar, enda sé úrvalið töluvert. „Mér finnst þó að enn fleiri myndlistarmenn ættu að taka þátt í þessu verkefni,“ segir hún og hvetur fólk til að skoða verkin sem eru til sýnis í Borgarbókasafninu, Tryggvagötu 15. „Þetta eru auðveld kaup. Maður borgar sömu upphæð í hverjum mánuði sem nemur kannski einum þriðja af verslunarferð í Bónus. Síðan er svo gaman að eignast eitthvað sem maður mun eiga um ókomna tíð.“

**HOF Í ÖRÆFUM** Fyrsta verkið sem Laufey leigði var málverk eftir Huldu Vilhjálmssdóttur. Hún borgaði myndin upp á 30 mánuðum og er nú stoltur eigandi hennar.

MYND/VILHELM

**Nánari upplýsingar og myndir af verkunum má nálgast á vefsíðunni**  
[www.artotek.is](http://www.artotek.is)

## AQUACLEAN ÁKLÆÐI

AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa aðeins með vatni!

## KYNNINGARAFSLÁTTUR



Vín



Torino



Mósel

## TILBODSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

ALLT AÐ 70% afsláttur af völdum vörum og sýningareintökum



Borðstofustólar frá 4.900 kr

Heilsukoddar 2.900 kr

Borðstofuborð 40.000  
Höfðagaflar 5.000  
Sjónvarpsskápar 25.000  
Rúm 153cm 157.000  
Púðar 2.900

Fjarstýringavasar 2.500  
Hægindastólar 99.000  
Tungusófar 75.400  
Hornsófar 119.450  
Sófasett 99.900



Verslun okkar er opin:  
Virka daga kl. 9-18  
Laugardaga kl. 11-16  
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík | Sími: 557 9510 | Netfang: patti@patti.is | vefsíða: patti.is

# NUTRILENK

NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN

20% afsláttur

- af NutriLenk Gold í 90 töflu glösom

gildir frá 18 – 28 febrúar



## Ertu með liðverki

- hefur þig lengi langað til að prófa NutriLenk Gold?

Mikilvægt er þegar byrjað er að taka inn NutriLenk Gold að taka 6 töflur á dag í 15 daga og þá finna flestir fyrir einhverri bót að þeim tíma liðnum.

90 töflu glasið inniheldur 15 daga skammt miðað við 6 töflur á dag og eru þá teknar 2 töflur 3x á dag.

Hafir þú eymsli t.d. í mjöðm, hné, mjóbaki eða í hálsliðum, þá er tækifæri núna að næla sér í glas með 20% afslætti!



Skráðu þig á facebook síðuna NutriLenk fyrir liðina - því getur fylgt heppni!

NÁTTÚRLEGT FYRIR LIÐINA

NutriLenk í 90 töflu glösom fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup og Vöruvali Vestmanneyjum

## Nokkrar góðar ástæður til að velja NUTRILENK GOLD

**NUTRILENK Gold** getur verið góð forvörn, ákjósanleg fyrir fólk sem stundar álagsvinnu, álagsþróttir og þar sem slitgigt er talin ættgeng.

**NUTRILENK Gold** er framleitt á einstakan hátt svo að líkami þinn nýti betur virku efnin svo bestur árangur verði.

**NUTRILENK Gold** getur viðhaldið heilbrigði liða og beina, svo þú getur mögulega lifað heilbrigðari lífi án verkja og eymsla.

**NUTRILENK Gold** inniheldur vatnsmeðhöndlað brjós úr fiskbeinum sem getur verið öflugt byggingarefni fyrir liði og bein.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskef

Prófið sjálf - upplifðið breytinguna!  
Nánari upplýsingar á [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



ÚTVARPSÞÁTTURINN  
SNORRI MEÐ ORRA  
FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA

# LOFTRÆSTIKERFI

MÁNUDAGUR 18. FEBRÚAR 2013

Kynningarblað Uppsetning, viðhald, hreinsun og ráðgjöf.

## Öll loftræstikerfi þarf að hreinsa reglulega

K2 Loftstokkahreinsun sérhæfir sig í hreinsun og sóthreinsun loftræstikerfa og hefur yfir áratuga reynslu af hreinsun loftræstikerfa á Íslandi, hvort sem er á landi eða sjó. Fagmennska og góð þjónusta eru einkunnarorð fyrirtækisins.

**K2** Loftstokkahreinsun er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hreinsun loftræstikerfa hjá fyrirtækjum og í heimahúsum. Að sögn verkstjórans Magnúsar Ásmundssonar er einn helsti kostur fyrirtækisins að geta boðið upp á heildarlausn í hreinsun og viðhaldi loftræstikerfa. Viðskiptavinir geta fengið ráðgjöf og ástandsskoðun hjá fyrirtækinu sér að kostnaðarlausu, að sögn Magnúsar.

„Ef viðskiptavin grunar að loftræsting sé ekki að virka sem skyldi getur hann pantað ástandsskoðun hjá okkur. Okkar maður mætir á staðinn og fer yfir loftræstinguna með honum. Ef þörf er á hreinsun förum við yfir hvaða valmöguleikar eru í boði og gerum svo tilboð út frá óskum viðskiptavinarins, honum að kostnaðarlausu. Sumir vilja láta taka loftræstinguna í gegn, sem hefur kannski gleymst í mörg ár, en aðrir vilja koma hreinsun og viðhaldi loftræstikerfis í reglulega þjónustu. Þá setjum við upp þjónustusamning þar sem við komum reglulega og sjáum um að halda kerfinu hreinu og fylgjumst með að loftræsting sé ávallt í lagi. Sem dæmi hafa margir veitingastaðir gert þjónustusamninga við okkur þar sem við komum alltaf með ákveðnu millibili og

pössum að ekki safnist of mikil fita í kerfinu hjá þeim. Af og til vaknar grunur um myglu í loftræstikerfum og þá þarf að kanna það og bregðast hratt við ef sú er raunin.“

### Loftræstikerfi eru víða

Til marks um þau ólíku verkefni sem K2 Loftstokkahreinsun sinnir bendir Magnús á að loftræstikerfi leynast víða. „Við erum að hreinsa loftræstikerfi út um allt land. Meðal annars má nefna skrifstofubyggingar sem eru flestar með flókin loftræstikerfi og margar skrifstofur sem eru komnar með kælifrauta í loftin sem verður að passa vel upp á. Einnig má nefna einbýlis- og fjölbýlishús, verksmíðjur, veitingastaði og margt fleira. Og ekki má gleyma skipaflotanum. Við hreinsum reglulega skip fyrir útgerðir landsins því þar skiptir ekki síður máli að loftræsting virki sem skyldi því ekki opna menn glugga um borð til að hleypa inn fersku lofti,“ segir Magnús og hlær.

„Mikill misskilningur ríkti áður fyrr um að ekki þyrfti að þrifa loftræstikerfi heldur væri nóg að skipta bara um síur reglulega. Það hefur breyst mikið og í dag gera flestir sér grein fyrir því að það þarf að þrifa reglulega til að hreina loftið okkar skili sér hreint



Sigurður Jónsson þjónustufulltrúi og Magnús Ásmundsson verkstjóri hjá K2 Loftstokkahreinsun. MYNDVILHELM

„Ef viðskiptavin grunar að loftræsting sé ekki að virka sem skyldi getur hann pantað ástandsskoðun hjá okkur. Okkar maður mætir á staðinn og fer yfir loftræstinguna með honum.“

alla leið inn til okkar. Við eyðum stórum hluta tíma okkar innandyrna og ef loftið sem blæs inn til okkar þarf að ferðast langar vegalengdir í gegnum óhreina loftstokka getur það haft slæm áhrif á líðan fólks,“ bætir hann við.

### Snyrtilegir og vandvirkir

„Eins og gefur að kynna fer mestöll starfsemi okkar fram á vinnustað eða heimili fólks og leggjum við gríðarlega áherslu á það í starfi okkar að vera snyrtilegir og vandvirkir í því sem við gerum. Það skiptir viðskiptavininn miklu máli að ekki fylgi sóðaskapur eða annað ónæði því að láta hreinsa loftræstikerfi. Þeir hafa fyrir

löngu lært að treysta því enda höfum við frá stofnun fyrirtækisins árið 1999 haft það sem markmið að veita viðskiptavininum bestu mögulegu þjónustu sem í boði er. Við viljum helst að fólk sjái engin ummerki um komu okkar aðra en þá að loftræsting sé að skila hreinu og fersku lofti á ný,“ bendir hann á.

Að lokum bendir Magnús á að engin vandamál séu án lausnar og hafi fólk einhverjar spurningar varðandi hreinsun eða ástand loftræstikerfa sé hægt að nálgast allar upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins [www.k2.is](http://www.k2.is) eða hringja í síma 55 77 000 þar sem Sigurður Jónsson þjónustufulltrúi aðstoðar fólk eftir fremstu getu.

## Stuðlar loftræsting í þínu fyrirtæki að veikindum meðal starfsmanna ?

### Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina K2

Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma

# 557 7000




eldhús

stofnanir


fyrirtæki

skip

fjölbýlishús




fyrir



eftir



fyrir



eftir



[www.k2.is](http://www.k2.is)  
k2@k2.is  
557 7000

# Hetjur á flóttu

Margar kvikmyndir státa af æsilegum flóttu um loftræstistokka. Oftar en ekki eru góðu kallarnir að fela sig fyrir þeim vondu. Þeir koma þeim svo gjarnan að óvörum, ráðast til atlögu að ofan og slá þá í rot.



## Aliens 1979

Í fyrstu Aliens-myndinni stökk geimveran hræðilega út úr brjóst-kassa Johns Hurt og skaut inn í loftræstikerfið. Þar gat hún ferðast um skipið Nostramo að vild þannig að áhafnarmedlimir féllu einn af öðrum þar til aðeins Ellen Ripley, leikin af Sigourney Weaver, stóð ein eftir á lífi.

## Star Wars 1980

Í Star Wars-myndinni The Empire Strikes Back frá 1980 stekkur Logi geimgengill niður í loftræstistokk. Þetta gerist eftir að Logi hefur átt í einvígi við Svarthöfða sem segir honum að hann sé faðir hans. Í bardaganum heggur Svarthöfði höndina af Loga með geislasverði sínu. Hann fellur niður stokkinn og á endanum nærri því niður í botnlaust hydlypi geimsins en er bjargað á síðustu stundu.



## Die Hard 1988

Hver man ekki eftir John McClain, sem Bruce Willis leikur og er enn í fullu fjöri þar sem ný mynd var frumsýnd með kappanum í janúar síðastliðnum. Fyrsta myndin gerðist að mestu leyti í skýjakljúf sem hryðjuverkamenn höfðu yfirtekið. John McClain skreið þá í gegnum loftræstistokka eins og óður væri, reykti sigarettur og plaffaði niður vondu kallana. Hann skríður reyndar einnig um í þeim í Die Hard 2. John McClain gæti allt eins átt von á því að verða rúkaður um leigu fyrir þann tíma sem hann hefur varið í loftræstistokkum. Það er allavega nokkuð ljóst að án þeirra væri John McClain sennilega löngu dauður.



## Mission Impossible 1996

Í fyrstu Mission Impossible-myndinni er atriði sem flestir ættu að muna eftir. Þar sést Tom Cruise, í hlutverki leyniþjónustumannsins Ethans, hanga niður úr loftræstistokki á hvolfi. Þar fer hann inn í klefa sem geymir tölvu með mikilvægum og háleynilegum upplýsingum. Inn í stokknum er svo leikarinn Jean Reno, í hlutverki Franz Krieger, og heldur um reipið sem kemur í veg fyrir að Ethan skelli í gólfid og setji þar með öryggiskerfið í gang. Án loftræstistokksins hefði verið ómögulegt fyrir Ethan að komast inn í herbergið.

## Mall Cop 2009

Paul Blart er öryggisvörður í verslunarmiðstöð þar sem fólk er tekið í gíslingu. Það á því líf sitt undir þessum eina öryggisverði. Í einu atriði skríður hann í gegnum loftræstistokk til að forðast glæpamennina. Ekki tekst betur til en svo að stokkurinn fer í sundur. Til allrar lukku fellur hann beint ofan á vonda kallinn sem rotast við höggið.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Viðhald loftræstikerfa nauðsynlegt

Blikksmiðja Guðmundar er eitt fárra fyrirtækja sem eiga sérstaka myndavél til eftirlits á loftræstikerfum ásamt fullkomnum hreinsitækjum. Eigandinn Sævar Jónsson segir of algengt að viðhaldi loftræstikerfa sé frestað, sem leiði til aukins álags og hærri rekstrarkostnaðar.

**B**likksmiðja Guðmundar er vel tækjum búin og þjónustar fjölda fyrirtækja við hreinsun og smíði á loftræstikerfum auk almennrar blikksmiði. „Við smíðum loftræstikerfi og sinnum viðhaldi á þeim. Þá smíðum við einnig allt frá jötum fyrir húsdýr upp í áhöld fyrir skurðstofur á sjúkrahúsum og allt þar á milli,“ segir eigandinn Sævar Jónsson.

Sævar hóf störf við blikksmiðar árið 1985 og keypti Blikksmiðju Guðmundar árið 2007 eftir að hafa starfað þar í tíu ár. Hann býr því að mikilli reynslu. „Það er of algengt að mínu mati að viðhaldi loftræstikerfa sé slegið á frest í sparnaðarskyni. Þegar slíkt er gert safnast ryk fyrir inni í stokkum og síum. Þá eykst allt viðnám og álag á kerfið sem gerir það að verkum að kostnaður verður meiri. Auk þess hættir kerfið að afkasta því sem það á að gera.“

Tækjabúnaður Blikksmiðju Guðmundar til hreinsunar loftræstinga er einn sá besti í bransanum. „Við fjárfestum í myndavél og hreinsibúnaði frá Danduct Clean og getum því auðveld-



„Við fjárfestum í myndavél og hreinsibúnaði frá Danduct Clean og getum því auðveldlega kannað ástandið á loftræstikerfum með myndavélinni,“ segir Sævar, eigandi Blikksmiðju Guðmundar.

lega kannað ástandið á loftræstikerfum með myndavélinni. Ef enginn skítur er til staðar sjáum við það fljótlega. Þannig sparast bæði tími og óþarfa þrif og rekstur kerfisins verður öruggari.“

Mikilvægt er að skipta um loftsíur en Sævar segir það einnig oft sitja á hakanum. „Við flytjum sjálf inn loftsíur frá Luftfilterbau í Þýskalandi og eigum flestar stærðir og gerðir síá á lager. Síurnar eru fram-

leiddar samkvæmt ISO-stöðlum og standast því yfstrustu kröfur.“

Blikksmiðja Guðmundar þjónustar fjölmörg fyrirtæki af öllum stærðargráðum. „Norðurál á Íslandi er stór viðskiptavinur ásamt Elkem Íslandi, HB Granda, Akraneskaupstað, Sjúkrahúsi Akraness og Akraborg ehf.“

Nánari upplýsingar um starfssemi Blikksmiðju Guðmundar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins [www.blikkgh.is](http://www.blikkgh.is) og á Facebook.

# Orkusparandi lausnir

Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

\*Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings CO<sub>2</sub>: 99 g/km., fær frítt í staði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubil / útborgun að verðmæti 760.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,64%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

## Tap í endurkomu Porbjarnar

Heil umferð fór fram í N1-deild karla í handbolta í gærkvöld og þar náðu ÍR-ingar að vinna topplið Hauka í annað skiptið á stuttum tíma. Haukarnir hafa nú tapað þremur leikjum í deild og bikar í röð og FH er búið að minnka forskot nágranna sinna í fjögur stig eftir sjöunda deildarsigur sinn í röð. FH vann Val, 21-20, en Valsmenn eru nú einir á botninum þar sem Afturelding vann Íslandsmeistara HK í gær. Valsmenn töpuðu því fyrsta leiknum undir stjórn Heimis Ríkardssonar og Porbjörns Jenssonar sem tóku við liðinu af Patreki Jóhannessyni. Porbjörn sneri aftur í handboltann í gær eftir tólf ára fjarveru. Nánar um leikina inn á Vísir.is.



## Úr axlarlið og sleit síðan hásin

Guðbjörg Sverrisdóttir, 21 árs leikstjórnandi Vals, spilar ekki meira á tímabilinu eftir að hún sleit hásin í seinni hálfleik í bikarúrslitaleik kvenna á laugardaginn. Hún hefur áður smolið úr og í axlarlið í fyrri hálfleiknum en harkað af sér og komið sterk til baka. Guðbjörg var flutt með sjúkrabíl úr Höllinni. Guðbjörg hafði leitt endurkomu Valsliðsins í byrjun seinni hálfleiks þar sem liðið náði að minnka muninn í tvö stig eftir að hafa verið 21 stigi undir í hálfleik.

## Hundrað stig hjá Birnu í Höllinni

Keflvíkíngurinn Birna Valgarðsdóttir varð um helgina aðeins fimmta konan til þess að spila tíu bikarúrslitaleiki. Hún fagnaði því með því að vinna bikarinn í fimmta sinn og skora sitt hundraðasta stig í bikarúrslitum í Höllinni. Birna skoraði hundraðasta stigið sitt í fyrri hálfleiknum þar sem Keflavík lagði grunninn að sigrinum. Aðeins fjórar konur hafa náð að skora hundrað stig í bikarúrslitaleik en hinar eru Anna María Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Linda Jónsdóttir.

## ÚRSLIT

### BIKARÚRSLIT KARLA

Stjarnan - Grindavík 91-79 (47-39)

Stjarnan: Jarrid Frye 32 (8 frák./6 stoðs.), Brian Mills 17, Jovan Zdravevski 15, Justin Shouse 14 (9 stoðs.), Marvin Valdimarsson 9, Kjartan Kjartansson 2, Dagur Kár Jónsson 2.

Grindavík: Aaron Broussard 30, Jóhann Árni Ólafsson 12, Samuel Zeglinski 9, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8, Ólafur Ólafsson 5, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Ómar Örn Sævarsson 4, Þorleifur Ólafsson 4, Ryan Pettinella 2.

### BIKARÚRSLIT KVENNA

Keflavík-Valur 68-60 (38-17)

Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Bryndís Guðmundsdóttir 15 (18 fráköst), Sara Rún Hinriksdóttir 13, Jessica Ann Jenkins 9 (10 frák./11 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 9 (13 frák.), Ingunn Embla Kristínardóttir 3.

Valur: Hallveig Jónsdóttir 13, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 12, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 11, Guðbjörg Sverrisdóttir 10 (7 frák./5 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 7, Jaleesa Butler 5 (15 frák./6 varin), Ragnheiður Benónisdóttir 2.

### N1 DEILD KARLA Í HANDBOLTA

Afturelding - HK 30-28 (14-12)

Markahæstir (skot): Jóhann Jóhannsson 12/6 (16/7), Práundur Gíslason 5 (5), Benedikt R. Kristinsson 4 (6), Sverrir Hermannsson 4 (13) - Bjarki Már Elísson 7/1 (10/1), Daníel Örn Einarsson 6 (9), Tandri Már Konráðsson 6 (13).

Varin skot: Davíð Svansson 17 (45/1, 38%) - Björn Ingi Friðbjólfsson 17/1 (45/5, 38%), Arnór Frey Stefánsson (2/2, 0%),

### Fram - Akureyri

30-23 (13-12)

Markahæstir (skot): Sigurður Eggertsson 6/2 (11/2), Stefán Þórsson 5 (6), Haraldur Þorvarðarson 5 (7), Ólafur Magnússon 4 (5), Jóhann Gunnar Einarsson 4/2 (8/3), Róbert Aron Hostert 4 (10) - Guðmundur H. Helgason 10 (11), Geir Guðmundsson 6 (13), Bergvin Gíslason 5 (7).

Varin skot: Magnús Erlendsson 12 (30, 40%), Björn Björnsson 5 (10, 50%) - Jovan Kukobat 14 (43/3, 33%), Stefán Guðnason 1/1 (2/2, 50%).

### ÍR - Haukar

22-21 (11-10)

Markahæstir (skot): Sturla Ásgeirsson 7/5 (12/5), Björgvin Hólmgeirsson 6 (10), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (5), Ingimundur Ingimundarson 3 (5) - Sigurbergur Sveinsson 10/3 (17/5), Gylfi Gylfason 5/1 (7/1), Árni Steinn Steinþórsson 3 (6).

Varin skot: Kristófer Fannar Guðmundsson 17/1 (36/3, 47%), Sebastian Alexanderson 1/1 (3/3, 33%) - Aron Rafn Eðvarðsson 21 (42/4, 50%), Giedrius Morkunas (1/1, 0%).

### FH - Valur

21-20 (9-8)

Markahæstir (skot): Logi Geirsson 6 (10), Einar Rafn Eðsson 5 (7), Magnús Óli Magnússon 3 (7), Ásbjörn Friðriksson 3 (8), Bjarki Jónsson 2 (3), Andri Berg Haraldsson 1 (1), Ragnar Jóhannsson 1 (6).

Varin skot: Daníel Frey Andrésson 15 (35/2, 43%), Valur - Mörk (skot): Gunnar Kristinn Þórsson 4 (5), Orri Frey Gíslason 4 (6), Sveinn Aron Sveinsson 4/2 (6/2), Finnur Ingi Stefánsson 3 (7), Valdimar Fannar Þórsson 2 (6), Fannar Þorbjörnsson 1 (1), Þorgrímur Smári Ólafsson 1 (3), Agnar Smári Jónsson 1 (5), Nikola Dokic (2).

Varin skot: Lárus Helgi Ólafsson 20 (41, 49%),

### N1 DEILD KVENNA Í HANDBOLTA

Fram - Stjarnan 34-27 (15-13)

Markahæstar: Stella Sigurðardóttir 9, Birna Berg Haraldsdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 6 - Jóna M. Ragnarsdóttir 9, Esther V. Ragnarsdóttir 7, Rakel Dögg Bragadóttir 5.

Afturelding - Grótta 22-25 (8-13)

Markahæstar: Hekla Daðadóttir 9 - Sunna María Einarisdóttir 15, Guðríður Ósk Jónsdóttir 3.

FH - ÍBV 19-26 (10-12)

Markahæstar: Þórey Ásgeirsdóttir 4 - Drífa Þorvaldsdóttir 9, Guðbjörg Guðmannsdóttir 5, Simone Vintale 5, Gregore Gorgata 5.

Selfoss - Fylkir 28-23 (14-13)

Markahæstar: Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 10, Carmen Palamariu 7 - Thea Imani Sturlud. 7.

Haukar - HK 21-26 (10-10)

Markahæstar: Marija Gedroit 12 - Brynja Magnúsdóttir 11, Emma Sardarsdóttir 7.



BIKARMEISTARAR Í ANNAÐ SKIPTIÐ Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, lyftir hér bikarinn með mikinn fögnuð félaganna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



BIKARMEISTARAR Í PRETTÁNDA SKIPTIÐ Fyrirliðarnir Pálína Gunnlaugsdóttir og Birna Valgarðsdóttir lyfta hér bikarinn í sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Bikarkóngarnir tveir

Stjarnan og Keflavík tryggðu sér bikarmeistaratitilinn í körfubolta í Laugardalshöllinni um helgina en þjálfarar liðanna eru tveir sigursælustu menn í bikarúrslitunum, Teitur Örylgsson og Sigurður Ingimundarson.

**KÖRFUBOLTI** Tveir menn þekkja það og kunna það betur en flestir að fara í Höllina til að sækja bikargull og sönnuðu það enn einu sinni um helgina. Sigurður Ingimundarson stýrði þá Keflavíkurkonum til 68-60 sigurs á móti Val og lærisveinar Teits Örylgssonar í Stjörnunnunni unnu sannfærandi sigur á Grindavík, 91-79.

### Bikarmeistari í tíunda sinn

Sigurður Ingimundarson varð bikarmeistari í tíunda sinn, þar af í áttunda sinn sem þjálfari. „Það sem lagði grunninn að þessum sigri var frábær fyrri hálfleikur og flottur varnarleikur. Það er gríðarlega gaman að vinna svona titil og ég á eftir að koma aftur í Höllina undir þessum kringumstæðum,“ sagði Sigurður kátur eftir leikinn.

Sigurður tapaði fyrsta úrslitaleiknum sem þjálfari kvenna-

liðsins árið 1992 en hefur síðan unnið fimm í röð. Það voru reyndar 17 ár síðan að hann fór síðast með Keflavíkurstjelpurnar í bikarúrslit og þá voru nokkrir mánuðir í að einn besti leikmaður hans í úrslitaleiknum á laugardaginn, Sara Rún Hinriksdóttir, fæddist.

Teitur var mættur í Höllina í tólftha sinn og hefur aðeins tapað þrisvar, síðast 1995 einmitt á móti Grindavík. Teitur gerði Stjörnuliðið að bikarmeisturum í annað skiptið á laugardaginn því liðið vann enn undir hans stjórn fyrir fjórum árum. Þetta var níundi bikarmeistaratitill Teits á ferlinum en hann hlaut sjö sem leikmaður Njarðvíkur.

„Það var æðislegt að sjá alla Garðbæingana í stúkunnunni og hvað þetta var allt blátt. Kjarrri (Kjartan Atli Kjartansson) söng að bikarinn væri blár í ár, ég ætla að vona að það lag verði spilað eitt-

hvað í kvöld. Það eru ekki mörg lið sem hafa unnið tvo bikartitla á síðustu árum. Það er virkilega gaman en mig og okkur langar að taka annan titil. Við ætlum að rífa okkur upp þar og það byrjar á mánudaginn,“ sagði Teitur eftir leikinn.

### Justin og Pálína þekkja þetta

Þeir Teitur og Sigurður höfðu líka bikarás upp í erminni því fyrir liðunum inn á vellinum fara tveir sigurvegarar sem eru báðir farnir að búa sér til flotta afrekaskrá í Höllinni.

Justin Shouse, leikstjórnandi Stjörnunnar, var að vinna bikarinn í þriðja sinn á fimm árum og hefur aldrei tapað í úrslitaleik. Pálína Gunnlaugsdóttir, fyrirliði Keflavíkur, var hins vegar að vinna bikarinn í fjórða sinn á átta árum og hefur nú unnið hann tvisvar með bæði Haukum og Keflavík. oo@frettabladid.is



TEITUR FAGNAR MEÐ STRÁKUNUM Leikmenn Stjörnunnar fagna með þjálfara sínum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SIGURDANSINN Pálína Gunnlaugsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir átta báðar frábæran leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Góð og fagleg þjónusta er metnaðarmál

Sjóvá leggur höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og faglega þjónustu. Ráðgjafar okkar eru boðnir og búnir til að aðstoða viðskiptavinum sínum við að meta tryggingaþörf sín og finna út hvernig best er að haga henni.

Að sjálfsögðu vill enginn lenda í tjóni, en ef til þess kemur skiptir öllu að tjónþjónustan sé fagleg og skilvirk. Hjá tjónþjónustu Sjóvár starfar reynslumikið starfsfólk sem veitir þér hraða og góða þjónustu þegar mest á reynir.

Sjóvá er ákaflega stolt af því að mikil ánægja ríkir með tjónþjónustuna okkar. Ánægjan kemur skýrt fram í könnunum og mælingum, og við finnum líka fyrir henni í öllum okkar samskiptum við viðskiptavinum sínum. Hún er okkur hvatning til að gera enn betur í þína þágu.

## Þú færð meira í Stofni

Stofn er vildarklúbbur viðskiptavina Sjóvár. Í Stofni fá þeir betri kjör á tryggingum sínum og njóta ýmissa fríðinda. Þar má nefna endurgjaldslausu vegaaðstoð, sem getur til dæmis komið sér vel þegar dekk springur eða bíllinn verður straumlaus.



Í Stofni njóta viðskiptavinir einnig afsláttar af barnabílstólum og öðrum öryggisvörum, sem og af viðgerðum á smáældum á bílum. Þá aðstoðum við viðskiptavinum sínum við skipulag og utanumhald með nágranna-vörslu í sínu hverfi.

Síðast en ekki síst fá skilvísir og tjónlausir viðskiptavinir í Stofni endurgreiðdan hluta iðgjalda sinna í febrúar hjá hvert. Ekkert annað íslenskt tryggingafélag býður slíka endurgreiðslu.

## Einstök börn

Eins og áður gefst þeim sem það kjósa kostur á að ráðstafa endurgreiðslunni að hluta eða í heild til góðs málefnis. Í ár er það stuðningsfélagið Einstök börn sem njóta góðs af þessum möguleika. Félagið, sem var stofnað árið 1997, styður börn og ungmenni með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma eða skerðingar.



# ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

Þessa dagana færð þú ásamt 20.632 öðrum tjónlausum og skilvísimum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

**Vantar þig aðstoð?**  
Hringdu og við aðstoðum þig  
við að innleysa tékkann.  
**440 2000**

**SJÓVÁ**

**STOFN**

## ÚRSLIT

<b>ENSKA ÚRVALSDEILDIN</b>	
<b>LIVERPOOL - SWANSEA</b>	5-0
1-0 Steven Gerrard, víti (34.), 2-0 Philippe Coutinho (46.), 3-0 José Enrique (50.), 4-0 Luis Suárez (56.), 5-0 Daniel Sturridge (71.).	
<b>ENSKA BIKARKEPPIN</b>	
<b>ARSENAL - BLACKBURN</b>	0-1
0-1 Colin Kazim-Richards (72.).	
<b>LUTON TOWN - MILLWALL</b>	0-3
<b>MILTON KEYNES DONS - BARNLEY</b>	1-3
<b>OLDHAM - EVERTON</b>	2-2
<b>CHELSEA - BRENTFORD</b>	4-0
1-0 Juan Manuel Mata (54.), 2-0 Oscar (68.), 3-0 Frank Lampard (71.), 4-0 John Terry (81.).	
<b>MANCHESTER CITY - LEEDS</b>	4-0
1-0 Yaya Touré (5.), 2-0 Sergio Agüero (15.), 3-0 Carlos Tévez (52.), 4-0 Sergio Agüero (74.).	
<b>HUDDERSFIELD TOWN - WIGAN</b>	1-4

# Ánægður með bardagann

„Ég lenti ekki alveg eins illa í því og hann,“ sagði Gunnar Nelson léttur eftir öruggan sigur á Jorge Santiago í UFC-bardaga þeirra í Wembley Arena um helgina. Gunnar er búinn að vinna ellefu MMA-bardaga í röð.

**BARDAGAÍPRÓTTIR** Gunnar Nelson hélt sigurgöngu sinni áfram í UFC um helgina þegar hann vann Brasilíumanninn Jorge Santiago örugglega í Wembley Arena.

„Ég er stálsleginn. Þetta var náttúrulega erfiður bardagi en ég lenti ekki alveg eins illa í því og hann. Ég er aðeins aumur í þumlinum eftir að ég lenti eitthvað illa

en annars er ég alveg ágætur,“ sagði Gunnar Nelson þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Ég er aðeins aumur í olnbogunum en það var nú bara eftir andlitið á honum. Það er eiginlega það sama um þumallinn. Ég hef kýlt hann einu sinni og lent eitthvað skringilega á þumlinum. Það er það eina sem er að hamla mér,“

segir Gunnar. Hann hafði unnið tíu bardaga í röð þegar hann steig inn í hringinn á móti Jorge Santiago, þar af ný þeirra í fyrstu lotu. Nú náði Gunnar hins vegar ekki að klára mótherjann en sigurinn var öruggur.

„Það kláraði enginn bardagann. Þó að ég hafi verið nálægt því nokkrum sinnum kláraðist hann ekki. Ég á eftir að horfa á bardagann aftur en þegar ég hugsa til baka var þetta nokkuð öruggt,“ sagði Gunnar.

„Ég endaði ofan á honum í annarri lotu og þar náði ég að láta högginn dynja á honum. Hann er mjög reynslumikill og gerir mjög lítið af mistökum. Það var því erfitt að ná að opna hann mikið á gólfinu og tók sinn tíma. Ég er mjög ánægður með þennan bardaga. Það er mjög gott að vera búinn að fara í gegnum þrjár lotur og eyða miklum tíma standandi. Það er hægt að taka mikið frá þessu,“ sagði Gunnar. Hann segist ekki hafa fundið mikið fyrir höggunum frá Santiago.

„Það var eitt högg og það var högg sem ég held að enginn hafi

tekið eftir en það kom þegar hann var undir mér á gólfinu. Það högg hitti mig beint í kjálkann og hitti vel. Það var eina höggið sem ég man eftir sem mér fannst hafa gert eitthvað, ekki að ég hafi verið eitthvað ringlaður. Ég fann vel fyrir því en mér fannst öll önnur högg frá honum bara svona snerta mig. Kannski litu einhver þeirra illa út en ég hef yfirleitt verið að hreyfa mig með höggunum og það tekur rosalega mikið frá þeim,“ sagði Gunnar. En hvað tekur við?

„Ég er að fara til Dublin og verð þar í viku til þess að styðja Árna og Bjarka. Síðan kem ég bara heim og fer aftur í salinn,“ sagði Gunnar sem þarf að laga eitthvað hjá sér.

„Ég slaka á í smá stund en síðan ætla ég að vinna í ákveðnum hlutum standandi. Ég er miklu vanari að vera niðri í bardögnum þó að maður djöflist í öllu á æfingunum. Það er allt öðruvísi þegar maður kemur í bardaga því orkan er allt öðruvísi og skrokkurinn bregst öðruvísi við. Þetta var frábær bardagi fyrir mig,“ sagði Gunnar.

ooj@frettabladid.is



Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson

## Frjálshyggjan, kreppan og kapítalisminn

Fyrirlestur í Háttíðasal Háskóla Íslands þriðjudag 19. febrúar kl. 17–18 á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Fimm bækur hafa komið út gegn frjálshyggju og kapítalisma á íslensku síðustu árin, eftir Einar Má Jónsson, Einar Má Guðmundsson, Stefán Snævarr, Ha-Joon Chang, Stefán Ólafsson og fleiri. Hannes Hólmsteinn bregst við gagnrýni þeirra og ræðir sérstaklega orsakir hinnar alþjóðlegru lánsfjárræðu og bankahrunsins íslenska, „frjálshyggjutilraunina“ á Íslandi, siðleysi í viðskiptum og samanburð hinna 50 Bandaríkja Norður-Ameríku, 10 fylkja Kanada og 27 ríkja Evrópusambandsins. Fundarstjóri er dr. Ómar H. Kristmundsson prófessor, forseti Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands.

Fundurinn er öllum opin. Eftir fundinn verður móttaka í Hámu í Háskóla Íslands 18–20.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála



HÁSKÓLI ÍSLANDS



VÍGALEGUR Gunnar Nelson sækir hér að Jorge Santiago.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Golfsettið ferðast frítt!



+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á [www.icelandairgolfers.is](http://www.icelandairgolfers.is)



Golfers

Egill  
Arnason™

Wenge Elegance  
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

# Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

+35%

## 35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.



## 30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.




## Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórrí smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

  
Baltic Wood™

## Stöð 2 kl. 20.50 Covert Affairs

Piper Perabo leikur aðalhlutverkið í þáttaröðinni Covert Affairs sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Hún leikur Annie Walker sem starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna. Í þættinum í kvöld fær hún það verkefni að hjálpa kínverskum vísindamanni að flýja til Bandaríkjanna.



## Í KVÖLD



### Holidate

**POPPTÍVÍ KL. 20.10** Í kvöld eru það Cindy frá Dallas og Alex frá Hoboken, New Jersey sem hafa vistaskipti. Þær fara á stefnumót með nokkrum mönnum í borg hinnar og bjóða svo kannski einum heppnum að koma með sér aftur til sinnar heimaborgar.

TV.COM 2,0 IMDB 5,4



### Kitchen Nightmares

**SKJÁR 1 KL. 20.40** Gordon Ramsey tekur nú fyrir mexíkóskan veitingastað í Chicago. Þar eiga eigendurnir í mestu vandræðum með þjónustuna og skipulagið á staðnum og Ramsey ætlar að gera sitt besta til að koma því í réttan farveg.

TV.COM 8,5 IMDB 6,9



### Revenge

**RÚV KL. 21.00** Emily grunar að dómari einn sem dvelur nú hjá Victoriu hafi haft eitthvað með mál föður síns að gera. Hún nær sambandi við eiginkonu dómarsins í matarboði hjá Victoriu, sem leiðir af sér nýjar upplýsingar. Jack lendir í vandræðum með Ryan-bræðurna.

TV.COM 8,8 IMDB 8,2

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfreginir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfreginir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfreginir **13.00** Hringrás **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Fólki og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Vídsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfreginir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Óþús: Myrkir músíkdagar **2013 22.00** Fréttir **22.05** Veðurfreginir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Samfélagið **22.30** Albúmið: The Kick Inside - Kate Bush **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

## RÚV

- 15.30** Silfur Egils (e)
- 16.50** Landinn (e)
- 17.20** Sveitasæla
- 17.31** Spurt og sprellað
- 17.38** Töfrahnötturinn
- 17.51** Angelo ræður
- 17.59** Kapteinn Karl
- 18.12** Grettir
- 18.15** Táknafréttir
- 18.25** Innlit til arkitekta (1:8) (e)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfreginir
- 19.35** Kastljós
- 20.00** Brasilía með Michael Palin – Leiðin til Ríó (3:4) Breski leikarinn Michael Palin ferðast um Brasilíu og segir frá landi og þjóð
- 21.00** Hefnd (10:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmiði að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 21.45** Jakob – Ástarsaga (6:6) (Dr Mama: Jacob – A Love Story) Dönsk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmiði að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 21.45** Jakob – Ástarsaga (6:6) (Dr Mama: Jacob – A Love Story) Dönsk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmiði að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfreginir
- 22.20** Íslenski boltinn
- 23.05** Glæpurinn III (2:10) (Forbryðelsen III) (e) Atriði í þáttinum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.05** Kastljós (e)
- 00.30** Fréttir
- 00.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (9:16)
- 08.30** Ellen (98:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (85:175)
- 10.15** Wipeout
- 11.00** Drop Dead Diva (3:13)
- 11.45** Falcon Crest (28:29)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** Frasier (17:24)
- 13.20** The X-Factor (14:27) (15:27)
- 15.25** ET Weekend
- 16.05** Barnatími Stöðvar 2
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (99:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (20:23)
- 19.40** The Middle (10:24)
- 20.05** One Born Every Minute (5:8) Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild á breskum spítala.
- 20.50** Covert Affairs (10:16) Annie Walker var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa.
- 21.35** Boss (4:8) Stórbrotin verðlaunabáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis til að halda völdum en hann á marga óvini sem eru ávallt tilbúnir að koma höggi á hann.
- 22.30** Man vs. Wild (9:15) Ævintýrlegir þættir frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðs vegar um heiminn.
- 23.15** Modern Family (10:24)
- 23.40** How I Met Your Mother (9:24)
- 00.10** Two and a Half Men (3:23)
- 00.35** Burn Notice (14:18)
- 01.20** The League (6:6)
- 01.45** The Killing (3:13)
- 02.30** Fargo
- 04.05** Boss (4:8)
- 05.00** Covert Affairs (10:16)
- 05.45** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00** Man. City - Leeds
- 15.05** Huddersfield/Leicester - Wigan
- 16.45** Spænski boltinn: Real Madrid - Rayo
- 18.25** Montpellier - Medvedi
- 19.50** Man. Utd. - Reading
- 22.00** Spænsku mörkin
- 22.30** Ensku bikarmörkin
- 23.00** Meistaradeildin í handbolta: markabáttur
- 23.30** Meistaradeild Evrópu: fréttabáttur
- 00.00** Man. Utd. - Reading

## SPORT 2

- 18.00** Premier League Review Show
- 18.55** Bebeto Pessa fyrrverandi heimsmeistara með brasilíska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug, enda frábær knattspyrnumaður. Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjöllinn og skyggst verður á bak við tjöldin.
- 19.20** Liverpool - Sunderland
- 21.00** Premier League Review Show 2012/13
- 22.00** Football League Show 2012/13 Svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 22.30** Man. City - Tottenham

## krakkar

- 07.00** Brunabíllarnir
- 07.20** Áfram Diego, áfram!
- 07.45** Waybuloo
- 08.05** Svampur Sveinsson
- 08.25** Dóra könnuður
- 08.50** Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00** UKI
- 09.05** Strumparnir
- 09.30** Lína langsokkur
- 09.55** Histerial!
- 10.15** Ofurhundurinn Krypto
- 10.35** Lukku-Láki
- 11.00** Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 17.00** Maularinn
- 17.25** Ofurhetjusérsveitin
- 17.50** iCarly (15:25)

## POP TV

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (11:22) Ástin er farin að kitla Bart þó ótrúlegt megi virðast. Hann kynnist Grétu sem honum líkar mjög vel við en er kannski fullseinn að fatta að hann er skotinn í henni.
- 17.30** ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fina og fræga fólksins er tundað á hressilegan hátt.
- 18.15** Gossip Girl (2:22)
- 19.00** Friends (14:24)
- 19.25** How I Met Your Mother (14:24)
- 19.50** Simpson-fjölskyldan
- 20.10** Holidate (6:10) Raunveruleikaþættir um konur í ástarleit sem ákveða að hafa vistaskipti og kanna þannig hvor markaðinn í borg annarrar.
- 20.55** FM 95BLÓ Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÓ.
- 21.15** The Lying Game (2:20) Dramatískir spennuþættir frá höfundu Pretty Little Liars. Þeir fjalla um eineggja tvíbursystur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urðu gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni. Þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.00** The O.C. (9:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist í fyrstu vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
- 22.45** Holidate (6:10)
- 23.25** FM 95BLÓ
- 23.45** The Lying Game (2:20)
- 00.30** The O.C. (9:25)
- 01.15** Tónlistarmyndbönd Popptívi

## GULL

- 18.15** Doctors (137:175)
- 19.00** Ellen (99:170)
- 19.40** Logi í beinni
- 20.25** The Practice (4:13)
- 21.10** Að hætti Sigga Hall
- 22.05** Logi í beinni
- 22.45** The Practice (4:13)
- 23.30** Að hætti Sigga Hall
- 00.25** Tónlistarmyndbönd Popptívi

## SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Rachael Ray
- 08.45** Dr. Phil
- 09.25** Pepsi MAX tónlist
- 16.00** Judging Amy (1:24)
- 16.45** Rachael Ray
- 17.30** Dr. Phil
- 18.10** Upstairs Downstairs (6:6)
- 19.00** America's Funniest Home Videos
- 19.25** America's Funniest Home Videos
- 19.50** Will & Grace (3:24)
- 20.15** Parks & Recreation (15:22) Bandarísk gamanseria með Amy Poehler í aðalhlutverki. Þegar vonbrigðin eru of mikil getur góð skúffukaka bjargað málinum.
- 20.40** Kitchen Nightmares (17:17) Matreiðslumaðurinn illgjarni Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við.
- 21.30** Málið (7:7) Hárbeyttir fréttaskýringarþættir frá Sölvu Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefni til mærgjar. Í þætti kvöldsins kynnir Sölvi sér undirheimamenningu á Íslandi.
- 22.00** CSI (7:22) CSI eru einir vinslustu þættir frá upphafi á SkjáEinum. Tedanson er í hlutverki Russels, yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Svo virðist sem gamall látinn félagi hafi snúið aftur úr gröfni og herji nú á ástvinu sína.
- 22.50** CSI (17:23) Endursýning á fyrstu þáttaröð um Gil Grissom og félagá hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30** Law & Order: Special Victims Unit (24:24)
- 00.20** The Bachelorette (2:10)
- 01.50** CSI: Miami (7:22)
- 02.30** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.10** Northern Trust Open 2013 (4:4) **12.10** Golfing World **13.00** Northern Trust Open 2013 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** Northern Trust Open 2013 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (2:25) **23.45** ESPN America

## INN

- 20.00** Ung á öllum aldri **20.30** Allt um golf **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Suðurnesjamagasín

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

## FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!



\*Samkvæmt prentmálkönnun Capacent Gallup-nóv.-sept. 2012

**DRAUMARÚM**

# FERMINGARTILBOÐ

**30-50%  
afsláttur af öllum  
heilsurúmum**




**120 x 200 cm rúm  
á fermingartilboði.**

Verð frá  
**79.442**



**LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA**



FAGLEG RÁÐGJÖF OG  
**FRÍ LEGUGREINING**

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu.

**Tilboð á arineldstæðum  
20-65% afsláttur**

**SÍÐUSTU  
DAGAB**

Verð:  
34.900



Verð:  
44.900



**ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)



## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Ain't got nobody með Sísf Ey.“

Margeir Sigurðsson listamaður.

## Vogue og Elle meðal gesta á RFF

Erlendir tískumiðlar sækja Reykjavík Fashion Festival heim.

Nú styttest óðum í að tískuhátíð Reykjavíkurborgar, Reykjavík Fashion Festival, fari af stað. Hróður hátíðarinnar hefur borist út fyrir landsteinana.

Þeir erlendu miðlar sem verða með útsendara á tískuhátíðinni eru meðal annars Ítalska og Þýska Vogue, Ítalska Glamour og Þýska Another Magazine. Norðurlöndin verða með sína fulltrúa á svæðinu þar sem Hermine Coyet Ohlén, ritstjóri sænska Elle, og Signy Fardal, ritstjóri norska Elle, ætla að berja íslenska tísku augum í ár. Jo Piazza

hjá vefmiðlinum Fashionista.com verður á staðnum, sem og Elisabeta Tudor hjá Nowfashion.com og Emanuele D'Angelo, ritstjóri Livincool.com. Þá ætlar Jeffrey Podolsky, blaðamaður og rithöfundur frá New York, að mæta en hann skrifar fyrir Peoples Magazine, Tatler, The Wall Street Journal og Vogue Homme. Stílistinn Edda Guðmundsdóttir ætlar að mæta í ár. Hún starfar í New York fyrir Lady Gaga, Diane Von Furstenberg og L'Oreal.

Heiðursgestur hátíðarinnar í ár

er tískuljósmyndarinn Roxanne Lowitt frá New York. Nafn hennar er vel þekkt í tískuheiminum þar sem verk hennar hafa árum saman birst í bandaríska, ítalska, þýska og franska Vogue. Hún hefur starfað í bransanum í 40 ár og hefur myndað fjöldann allan af heimsþekktum andlitum eins og Andy Warhol, Salvador Dalí, Yves Saint-Laurent, Johnny Depp, George Clooney og Scarlett Johansson.

Átta íslenskir hönnuðir ætla að láta ljós sitt skína á RFF sem fer fram dagana 14. til 16. mars. - 4p



HEIMSPEKKTIR MIÐLAR TIL REYKJAVÍKUR Vogue, Elle og Fashionista.com eru meðal þeirra miðla sem ætla að gefa íslenski tísku gaur á RFF í mars.

Hef hafið störf á hársnyrtistofunni **LaBella, Furugerði 3,** sími **517 3322.** Verið velkomin.

**LABELLA**  
HÁRSNYRTI & FÖRÐUNARSTOFA

ÞORGERÐUR BIRTA JÓNSDÓTTIR

# Nýr Rauðmagi

## - frá Ólafsvík og Rífi

**HARÐFISKUR**  
- barinn og óbarinn

**LAXAFLÖK**  
- beinhreinsuð og flott

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**Evran: Mynt án ríkis.**  
**Hver er vandinn?**  
**Hverjar eru horfurnar?**

Hagfræðideild

Mánudaginn 18. febrúar kl. 12:00-13:00  
í Lögbergi, L-101

Fyrirlestur í boði Hagfræðideildar Háskóla Íslands og Evrópustofu.

Sixten Korkman mun í fyrirlestri sínum lýsa kreppunni á evrusvæðinu nú og spyrja: Hvað fór úrskeiðis? Hvað er verið að gera til að rétta kúrsinn af? Hverjar eru framtíðarhorfur evrunnar og evrusvæðisins?

Dr. Sixten Korkman stýrði Research Institute of the Finnish Economy (ETLA) og Finnish Business and Policy Forum (EVA). Hann var áður skrifstofustjóri Seðlabanka Finnlands, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis Finnlands og framkvæmdastjóri ráðherraráðs ESB. Hann hefur birt greinar og bækur um hagstjórn, þar á meðal bók um efnahagsstefnu ESB.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

Evrópastofa  
Láttáingarnuð ESB

HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVIÐSINDASVIÐ

## Byggir myndina á blaðamannaheiminum

Aðalpersónan í Petta reddast er drykkfelldur blaðamaður. Leikstjórinn Börkur Gunnarsson segir myndina fjalla um aulalegar hliðar karlmennskunnar.

„Mig langaði einfaldlega að tala við íslenska áhorfendur og er mjög spenntur fyrir að loksins sýna afraksturinn,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Börkur Gunnarsson. Fyrsta íslenska mynd hans, Petta reddast, verður frumsýnd þann 1. mars.

Myndin skartar Birni Thors í aðalhlutverki og var tekin upp sumarið 2009 í Reykjavík og Búrfellsvirkjun. Ástæðan fyrir því að myndin er fyrst núna á leiðinni í kvikmyndahús er að sögn Barkar sú að myndin fékk einstaklega langan tíma í klippiherberginu. „Þetta hefur verið löng fæðing því myndin var eiginlega alveg tilbúin árið 2010. Þá var ákveðið að fínisera nokkrar senur í klippiherberginu, þar sem hún festist í dágóðan tíma. Nú er hún orðin aðeins betri og allir sáttir,“ segir Börkur sem er ánægður með útkomuna og vonar að áhorfendur séu sama sinnis.

Þetta reddast er fyrsta íslenska mynd Barkar en hann bæði leikstjóri og skrifar handritið. Börkur hefur áður gert tékknesku myndina Sterkt kaffi sem vakti mikla lukku bæði þar úti og hér heima, er hún var frumsýnd 2004. Börkur var búinn að skapa sér nafn og koma sér vel fyrir Tékklandi en hugurinn leitaði heim. „Það var allt annað að sýna myndina hérna heima en úti í Tékklandi og ég fann að mig langaði að gera íslenskt bíó. Ég er hvergi nærri hættur og er með eitt handrit í styrktarferli núna.“

Þetta reddast fjallar um drykkfelldan blaðamann sem þarf að sanna sig í einkalífínu sem og vinnunni. Börkur hefur sjálfur starfað sem blaðamaður á hinum ýmsu miðlum og byggir söguþráðinn á blaðamannaheiminum. „Það eru allir miðlar með sína alka og maður kannast alveg við týpuna. Þetta er myndarlegur og hrokafullur maður sem lifir sig svo inn



SPENNTUR AÐ FRUMSÝNA Börkur Gunnarsson lauk tökum á myndinni Petta reddast árið 2009 en myndin fékk óvenju langan tíma í klippiherberginu sem leikstjórinn vonar að skili sér á hvíta tjaldinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í töffarann og karlmennskuna að það verður aulalegt. Ég er svolítið að endurspegla hvernig ég upplifði stemninguna á Íslandi þegar ég flutti heim árið 2005. Hrokinn var allsráðandi og mikill metingur á ýmsum vígstöðum í samfélaginu,“

segir Börkur. Hann flokkar myndina sem gaman drama. „Þetta er mynd fyrir alla, fjallar bæði um samskipti kynjanna og samskiptin við áfengið, en hvort tveggja getur reynst mörgum ansi snúið dæmi.“

alfrun@frettabladid.is

## Tilbury tekur upp nýja plötu

Hljómsveitin Tilbury fór í hljóðver og tók upp fyrri helminginn af nýrri plötu.

Hljómsveitin Tilbury fór í hljóðver um síðustu helgi og tók upp helminginn af nýrri plötu, sem er væntanleg í október. Innan við ár er liðið síðan fyrsta plata Tilbury, Exorcise, kom út. Hún fékk góð viðbrögð og lenti ofarlega á mörgum árslistum.

Aðspurður segist forsprakkinn Þormóður Dagsson eiga nóg af lögum í pokahorninu. „Þetta safnaðist upp áður en síðasta plata kom út. Ég var kominn með fínan lager,“ segir hann. Nýja platan hefur að geyma eldri lög sem fóru ekki á þá fyrri og nýtt efni sem hefur orðið til eftir að hljómsveitin byrjaði að fylgja eftir síðustu plötu.

Hann viðurkennir að góðu dómarnir sem síðasta plata fékk hafi hvatt þá til dáða. „Algjörlega. Við vinnum líka ágætlega saman og okkur langaði til að halda því áfram og prófa að vinna þetta alveg frá grunni saman.“ Aðrir meðlimir Tilbury eru Örn Eldjárn gítarleikari, Kristinn Evertsson á hljóðgervla, Guðmundur Óskar Guðmundsson bassaleikari og Magnús Trygvason Eliassen á trommur.

Seinni helmingur plötunnar verður tekinn upp í maí vegna þess að Þormóður verður fram að því staddur erlendis að ljúka við loka-verkefni sitt úr háskólanum.

- fb



GÓÐUR LAGER Þormóður Dagsson á nóg af lögum á lager fyrir nýja plötu.

# LAGERSALA

## Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

# ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%

Mikið úrval af nýjum vetrarfátnaði

## NÝTT KORTATÍMABIL



DÖMU PRIMALOFT ÚLPA  
Verð nú kr. 19.990  
Verð áður kr. 39.990



HERRA SKÍÐAJAKKI  
Verð nú kr. 14.990  
Verð áður kr. 39.990



St. 68 - 92  
BARNA ÚTIGALLI  
Verð nú kr. 7.990  
Verð áður kr. 16.990



DÖMU JAKKI 2JA LAGA  
Verð nú kr. 14.990  
Verð áður kr. 26.990



HERRA JAKKI  
Verð nú kr. 19.990  
Verð áður kr. 39.990




St. 116 - 176  
BARNA ÚLPA  
Verð nú kr. 7.990  
Verð áður kr. 16.990

### OPNUNARTÍMI

Mánudagur	18. feb.	12:00 - 20:00
Þriðjudagur	19. feb.	12:00 - 20:00

Lagersala - Nýbýlavegi 18 • [Dalbrekkumegin] - Kópavogi



# Lifðu

**ZO·ON**  
ICELAND

www.zo-on.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Gaman á Sónar-hátíð

Það var múgur og margmenni á Sónar-hátíðinni sem fór fram í Hörpu um helgina. Meðal þeirra sem kíktu á föstudagskvöldið má nefna tónlistarparið **Jón Ólafsson** og Hildi Völu Einarsdóttur, leikstjórnann Gauk Úlfarsson, Sögu Garðarsdóttur leikkonu, Mikael Torfason ritstjóra,



Evu Einarsdóttur borgarfulltrúa og mann hennar, Eldar Ástþórsson hjá fyrirtækinu CCP. Á laugardagskvöldinu var rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð á meðal gesta ásamt Arnari Dan Arnórssyni, söngvara Agent Fresco, og tónlistarmanninum Curver Thoroddsen. - fb

#### Hastings til Íslands

Kanadíski uppstandarinn **John Hastings** treður upp á Íslandi í þessari viku í fjórum mismunandi bæjarfélögum. Fyrst verður hann í Spot í Kópavogi á miðvikudag en ferðast síðan til Stykkishólms, Akraness og Þorlákshafnar. Hastings hefur unnið til verðlauna í Kanada fyrir uppstand sitt og verið valinn einn af fimm grínistum til að fylgjast



með af sjónvarpsstöðinni Comedy Network. Í uppstandinu segir hann sögur úr lífi sínu sem illa gefinn og einhleypur ferðalangur og vafalítið á grínið eftir að falla í kramið hjá íslenskum áhorfendum. - fb

#### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Enginn iPhone í platleik
- 2 Blóðug krikketkylfa á heimili Pistoriusar
- 3 Fjórir Outlaws-menn handteknir og kærðir
- 4 Leyninet fyrirtækja sem stendur að baki hrossakjötshneykslinu
- 5 Meint ólögmaeti verðtryggingar næði aðeins til bílalána

KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!



JPU

JPU ÚTGAFA

www.forlagid.is  
alvöru bókaútbúð á netinu

SUMAR 2013

# Almería

ROQUETAS DE MAR

- Tilvalinn sumarfangastaður fyrir alla fjölskylduna!

5 STJÖRNU LÚXUS OG ALLT INNIFALIÐ!

**Arena Center** ☆☆☆☆

Hlýlegt og fallett hótél. Val um stúdíóbúðir eða íbúðir með einu svefnherbergi. Á hótélínu er skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og starfandi barnaklúbbur.

frá **98.468 kr.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá kr. 116.935 fyrir 2 fullorðna í stúdíóbúð. Brottför: 18. júní og heimkoma viku síðar.

**Hótel Protur** ☆☆☆☆☆

**ALLT INNIFALIÐ**

Glæsilegt 5 stjörnu hótél við ströndina. Nálægt í alla helstu þjónustu, veitingahús og golfvöll. Skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.

frá **144.598 kr.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá kr. 168.131 fyrir 2 fullorðna í stúdíóbúð. Brottför: 18. júní og heimkoma viku síðar.

**UM ALMERÍA:**

- ✓ Hagkvæmt verðlag
- ✓ Ekta spænsk menning
- ✓ Glæsilegar gistingar
- ✓ Fjölbreytt afþreying
- ✓ Tilvalið fyrir stórfjölskyldur
- ✓ Frábært verð!

Frábært verð í sólina í sumar!

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

\* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn. Allt innifalið: morgun-, hádegis- og kvöldmat, snarl milli mála og innlendir drykkir.